

Blaðamaðurinn



Nóvember 2005 • 3. tbl. • 27. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

365

Morgunblaðið

Rannsóknar-
blaðamennska



EFNÍ BLAÐSINS



Rannsóknarblaðamennska

- 4 Birgir Guðmundsson:
Rannsóknarblaðamennska í Evrópu
- 9 Rannsóknarblaðamennska
á Íslandi
Hvað segja verðlaunahafar?

Launamál

- 14 Arna Schram:
Launakönnun Blaðamannafélagsins

Umræðan

- 16 Íþróttablaðamennskan
- 18 Arna Schram:
Ávarp formanns
- 19 Ný fréttasjónvarpsstöð
Rætt við Róbert Marshall
- 22 Aidan White:
Hryðjuverkastríðið ógnar borgaralegum
réttindum

Úrskurðir

- 24 Úrskurðir siðanefndar

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent Stíll

Prentun: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: Bjarnleifur

Skrifstofa Blaðamannafélagsins
er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
neffang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 11.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

Samsett mynd eftir Þorvald Örn Kristmundsson.

Heimurinn, blaðamennskan og við

Skoða blaðamenn, íslenskir og erlendir, viðfangsefni sín of mikið út frá þröngu og þjóðlegu sjónarhorni? Lita þeir ekki yfir túngarðinn og reyna að meta og skilja þá alþjóðlegu krafta sem eru orðnir að hreyfiafli í þeirra eigin þjóðfélögum?

Blaðamenn og ritstjórar víða um Evrópu hafa verið að meta og endurmeta starfsaðferðir sínar og komist að því að aukin alþjóðavæðing samfélaga kalli á aukna alþjóðavæðingu blaðamennskunnar og stórauðna samvinnu blaðamanna. Sérstaklega er þetta mikilvægt á þeim sviðum þar sem verið er að velta upp flóknum og erfiðum málum, sem krefjast rannsóknarvinnu, en slík mál teygja einmitt oft anga sína yfir landamæri. Jafnframt má búast við að á þessu sviði sé fyrir hendi mikilvæg þekking og reynsla af sambærilegum málum hjá erlendum kollegum, sem hvort tveggja í senn auðveldar starf blaðamannsins og eykur gæði afurðarinnar.

Það var enda eitt aðalatriðið í stórrí evrópski rannsókn sem hollensk/flæmska Rannsóknarblaðamannasambandið VVOJ hefur gert á stöðu rannsóknarblaðamennsku í álfunni, og sagt er frá hér í blaðinu, að auka þurfi samvinnu og tengslamyndun rannsóknarblaðamanna um alla álfuna og raunar um heiminn allan. Þetta er ekki einvörðungu skynsamlegt til að fá fyllri og réttari upplýsingar um fjölþjóleg viðfangsefni eða til að víkka þann geira sem lendir í kastljósi blaðamannanna, heldur getur þetta beinlínis verið efnahagslega hagkvæmt fyrir rekstur miðlanna. Þetta sjónarmið nýtur vaxandi skilnings eins og sjá má af metþátttöku í þriðju Alþjóðlegu ráðstefnunni um rannsóknarblaðamennsku sem haldin var í Amsterdam í haust í boði VVOJ. Yfir 400 blaðamenn mættu til leiks og skiptust á skoðunum, reynslu, vinnutengdum heilræðum og nafnspjöldum. Margir auglýstu beinlínis eftir samstarfsaðilum um verkefni á tilteknum sviðum og aðrir sögðu frá því hvernig samstarf hafði skipt sköpum fyrir rannsóknarblaðamennsku þeirra.

Því hefur oft verið haldið fram að íslenskir fjölmiðlar séu ekki nægjanlega stöndugir fjárhagslega til að ástunda rannsóknarblaðamennsku. Það er því sérstaklega áhugavert þegar í ljós kemur að efnahagur er ekki endilega mikilvægasti áhrifaþátturinn á það hvort slík blaðamennska er stunduð eða ekki. Atriði eins og forgangsröðun, stefnumótun, þekking og hæfni skipta ekki síður máli. Íslenskir blaðamenn og íslenskt fjölmiðlasamfélag þarf að íhuga slíka hluti og kynna sér hvað er í gangi í löndunum í kringum okkur. Á þessu sviði er mikilvægt að íslenskir fjölmiðlar standi sig ekki síður en fjölmiðlar í nágrennalöndunum, enda er yfirborðsmennskan og skemmtanavæðingin í upplýsingaflæðinu hér ekki minni en þar. Þrátt fyrir, og kannski einmitt vegna, margfalt meira framboð á alls kyns fjölmiðlaefni, er sérstaklega mikilvægt að hlúa að gagnrýninni og vandaðri blaðamennsku.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, blaðamaður Mbl. formaður
Jóhann Hlíðar Harðarson, Stöð 2/Bylgjan, varaform.
Arndís Þorgeirsdóttir, fréttastjóri FB, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðamaður á Fréttablaðinu
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari Viðskiptablaðinu
Elva Björk Sverrisdóttir, blaðam. Morgunblaðinu
Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is

Varamenn:

Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður Fróði
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu

Samningaráð:

Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hlíðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Vísir:

Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hlíðar Harðarson

Fréttablaðið:

Arndís Þorgeirsdóttir

Fróði:

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir

Heimur:

Anna Margrét Björnsdóttir

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson, blaðamaður
Þór Jónsson, blaðamaður



Rannsóknar- blaðamennska í Evrópu



Eftir
Birgi Guðmundsson

Á haustdögum bauð Samband hollensk-flæmskra rannsóknarblaðamanna (VVOJ) til þriðju alþjóðlegu ráðstefnu rannsóknarblaðamanna. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Amsterdam, en þetta er þriðja ráðstefnan af þessu tagi sem haldin hefur verið, hinar tvær voru haldnar í Kaupmannahöfn, sú fyrsta 2001 og önnur 2003. Það var einmitt á ráðstefnunni árið 2003 sem ákveðið var að stofna til formlegs alþjóðlegs nets rannsóknarblaðamanna víða um heim, enda höfðu menn komist að raun um gagnsemi þess að kollegar hittust og skiptust á þekkingu, reynslu og aðferðarfræði við nálgun flókinnar og erfiðra verkefna. Hnattvæðingin hefur að verulegu leyti upphafið landamæri þjóðríkjanna og alþjóðleg samfélagsstarfsemi af fjölbreyttum toga kallar á alþjóðlega samvinnu blaðamanna sem um þá starfsemi fjalla.

Reynsla Kaupmannahafnarráðstefnanna dró fram hversu takmarkað samstarf blaðamanna milli landa er í raun, ekki síst þess hóps blaðamanna sem fæst við rannsóknarblaðamennsku. Starfsaðstæður eru mjög ólíkar eftir löndum og menning, tungumál og hefðir skipta miklu. Því er það

að samstarfi milli landa á sviði rannsóknarblaðamennsku er ekki endilega auðveldlega komið á né er það sjálfgefið jafnvel þótt fullur vilji kunni að vera fyrir slíku hjá viðkomandi blaðamönnum.

Merkileg rannsókn

Hollensku rannsóknarblaðamennirnir í VVOJ hafa verið sérstaklega virkir í þessu alþjóðlega neti rannsóknarblaðamanna, en sambandið var stofnað eftir fyrstu Kaupmannahafnarráðstefnunna 2001. Fyrir ráðstefnunna nú í haust réðst VVOJ í það umfangsmikla verkefni að kortleggja stöðu rannsóknarblaðamennsku í Evrópu þannig að um samamburðarhæfar niðurstöður yrði að ræða. Tilgangurinn er fyrst og fremst að stíga fyrsta, en mikilvæga skrefið, í því að auðvelda blaðamönnum samskipti milli landa og gefa þeim kost á að þekkja hver staðan er almennt á þessu sviði í álfunni. Gerð var rannsókn í tuttugu Evrópulöndum á hinum ýmsu hliðum rannsóknarblaðamennsku með því að taka viðtöl við starfandi blaðamenn og skoða samhliða ýmsa þætti sem taldir voru skipta máli fyrir umhverfi rannsóknarblaðamennsku. Niðurstaðan var síðan gefin út í viðamikilli skýrslu eða bók sem ber nafnið „[Investigative Journalism in Europe](#)“. Hitann og þungann af þessu verkefni bar hollenski blaðamaðurinn Dick van Eijk, sem er bæði höfundur flestra kafla í bókinni og ritstjóri hennar. Hann sagði í samtali við Blaðamanninn að verkefnið hefði vissulega verið flókið, bæði vegna umfangs þess og ýmissa tungumálhindrana, en á móti hafi komið að samstarf og samstarfsvilji hafi verið mikill. Í

svona þverþjóðlegri rannsókn segir van Eijk það skipta miklu máli að verið sé að glíma við ólík tungumál, ólíkar þjóðir, ólíkt almenningssálit og ólíka menningarhefð. Í þessum mun öllum fælist t.d. að skipulag fréttastofa væri mjög mismunandi eftir löndum, sem og sjálfræði og sjálfstæði einstakra fréttamanna gagnvart yfirboðurum sínum. Sama gildi um ýmiss konar ritstjórnarhefðir, s.s. eins og það hvort ásættanlegt þætti að greiða heimildarmönnum fyrir upplýsingar, hvort og hvenær nafn og myndbirtingar þættu eiga erindi, og afstöðu til verndar heimildarmanna. Loks mætti nefna hluti í starfsumhverfi fjölmiðla sem væru ólíkir s.s. frelsi almennt og hversu öflug upplýsingalög giltu í hinum ýmsu löndum.

Skilgreiningar

Sú spurning sem svona athugun og kortlagning á rannsóknarblaðamennsku þarf að byrja á að svara, er spurningin um skilgreiningu. Hvað nákvæmlega er átt við, þegar talað er um rannsóknarblaðamennsku? Við þessari spurningu er hins vegar ekkert einfalt svar, þó til sé fjöldinn allur af skilgreiningum á rannsóknarblaðamennsku. Þannig er til dæmis fullyrt í bók Dick van Eijk og félaga að mun auðveldara sé að finna almenna skilgreiningu í fræðibókum á hugtakinu „rannsóknarblaðamennska“, en á hugtakinu „blaðamennska“. Þessi hugtök eru vitaskuld nátengd, en í daglegu amstri hafa menn komið sér upp almennum skilningi á hugtakinu blaðamennska á meðan hugtakið rannsóknarblaðamennska sé e.t.v. ekki eins ljóst í hugum manna. Því séu

praktiskar ástæður fyrir því að menn leggi sig frekar fram við skilgreiningar á rannsóknarblaðamennsku en blaðamennsku. Hins vegar segir fjöldi skilgreininga ekki endilega alla söguna, því skilgreiningarnar stangast jafnvel á og eru fæstar sammála í öllum atriðum.

Sömuleiðis má benda á að þótt menn geri minna af því að skilgreina blaðamenskuna sjálfa þá er það síður en svo augljóst hvað felst í hugtakinu blaðamaður. Er það bara starfsheiti yfir þá sem vinna á blöðum eða ljósvakamiðlum? Eru bloggarar blaðamenn? Eru þeir blaðamenn sem nota tæki blaðamenskunnar í kynningarstarfsemi fyrir sérhagsmuni? Þessu veltu Hollendingarnir mikið fyrir sér áður en þeir fóru af stað í skilgreiningu á rannsóknarblaðamennsku, og undirstrikuðu að fjölmörg álitamál væru uppi á borði varðandi það að skilgreina blaðamennsku. Niðurstaða þeirra varð þó að halda sig við nokkuð einfalda og almenna skilgreiningu sem er einhvern veginn svona: „*Blaðamennska leitar sannleikans og segir frá honum og leitast fyrst og fremst við að þjóna almannaheill. Blaðamennskan sem slík byggir ekki á eða er skilgreind með lögum eða löggildingu.*“

Rannsóknarblaðamennska er eins og áður segir nokkuð umdeildara hugtak en blaðamennskan sjálf. Það er ekki sist umdeilt meðal blaðamanna sjálfra og kannski sérstaklega þeirra blaðamanna sem fylla flokk rannsóknarblaðamanna. Hægt er að nálgast þetta út frá ýmsum hliðum og verður þá sjónarhornið á rannsóknarblaðamenskuna mismunandi. Þannig er t.d. hægt að skoða rannsóknarblaðamennsku út frá sögulegu sjónarmiði. Það er hægt að skoða hana út frá þeirri afurð sem hún býr til, það er hægt að skilgreina hana út frá þeim aðferðum og siðferðilegu sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar þegar hún er stunduð – eða það er hægt að nota einhvers konar sambland af þessum nálgunum.



Dick van Eijk heldur hér á bókinni um rannsóknarblaðamennsku í Evrópu.

Siðbótarblaðamennska?

Söguleg nálgun á rannsóknarblaðamennsku hefur jafnan í sér falinn ákveðinn siðferðilegan undirtón þar sem réttlæti og siðbót verður hluti af fyrirbærinu rannsóknarblaðamennsku. Þessi nálgun hefur tilhneigingu til að vera gildishlaðin og sækja fyrirmyndir sínar til bernskuára rannsóknarblaðamenskunnar í Bandaríkjunum í upphafi síðustu aldar. Á fyrstu áratugum aldarinnar er hægt að tala um sérstakt tímabil rannsóknarblaðamennsku þar vestra. Þetta tímabil er stundum kennt

jafnan ekki langt undan. Ranglætið sem lítilmagninn mátti þola gat verið af hendi stórfyrirtækja og framan af voru slík fyrirtæki oftast „vöndu karlarnir“ í þessum málum. Síðar tók athyglin ekki síður að beinast gegn spillingu og óréttlæti af hálfu stjórnvalda. Þessi hreyfing var því í raun eins konar stjórnsýsluleg og pólitísk umbótahreyfing. Með breyttum markaðsaðstæðum og þjóðfélagsháttum dofnaði þessi áhersla, en koma aftur í dálítið breyttu formi og náði síðan hámarki á áttunda áratugnum í kjölfar Watergate-hneykslisins og blaðamennsku þeirra Woodwards og Bernstein hjá Washington Post. Rannsóknarblaðamennska varð þá nánast að tiskufyrirbæri.

Þegar sameiginleg einkenni þeirra mála og viðfangsefna sem tengjast þessari sögulegu nálgun eru skoðuð kemur þrennt í ljós. Í fyrst lagi er

Viðfangsefni rannsóknarblaðamennsku

- Glæpir og spilling
- Ríkisstjórnir og stjórn málaflakkar
- Opinber rekstur
- Viðskiptalífið – frekar lítið
- Almenn félagslegt óréttlæti s.s. fátækt
- Íþróttir og listir – nánast ekki neitt

(Dick van Eijk, 2005)

við „Grafarana“ eða jafnvel „rusla-grafarana“ eða „The Muckrakers“. Þessir rannsóknarblaðamenn sem þá voru að skrifa í hin nýtilkomnu vikulegu tímarit og síðar einnig í dagblöð, voru drifnir áfram af siðferðislegri köllun um að fletta ofan af kerfisbundnu ranglæti og krafan um þjóðfélagslega siðbót var

í þeim fólgin ákveðin siðferðileg afstaða að því leyti að þær miða að því að leiðrétta ákveðið ranglæti. Einhver hefur brotið af sér – lagalega eða siðferðilega – og aðrir eru fórnarlömb. Í öðru lagi þá hafa þessi mál gjarnan tengst þjóðfélagslegum málum þar sem hægt er að koma við einhvers

konar umbótastefnu og kippa hlutum í liðinn. Í þriðja lagi þá er oft – en ekki alltaf – í þessum málum verið að afhjúpa hluti sem einhverjir hafa verið að reyna að halda leyndum.

Í fjölbreyttri flóru skilgreininga á rannsóknarblaðamennsku má finna margar sem með einum eða öðrum hætti taka mið af þessum þremur atriðum. Sú mikilvægasta af þeim er ef til vill sú sem finna má í handbók samtakanna IRE (Investigative Reporters and Editors). Hún er eitthvað á þessa leið: „Rannsóknarblaðamennska skoðar á eigin forsendum og í gegnum eigin rannsóknir hluti sem skipta máli og einhverjir einstaklingar eða skipulagsheildir reyna að halda leyndum.“

Hér er greinileg áherslan annars vegar á að það sé blaðamaðurinn sjálfur (eða samstarfsmenn hann á ritstjórn) sem hafi unnið rannsóknarvinnuna, en ekki einhver annar og svo hins vegar áherslan á að einhver sé að halda þessum upplýsingum leyndum. Þrátt fyrir að þessi skilgreining komi frá áhrifamiklum samtökum fjölmiðlamanna er fjarri því að um hana ríki sátt. Þannig telja margir að missskilningur sé að leggja svo mikla áherslu á leyndina eða afhjúpunina – með því sé verið að þrengja hugtakið allt of mikið. Svo eru auðvitað þær athugasemdir að það sé villandi að vera að skilgreina þetta sem eitthvað annað og meira en blaðamennsku, rannsóknarblaðamennska sé í raun ekki annað en hefðbundin blaðamennska. Þekktur verðlaunablaðamaður á þessu sviði vildi raunar skilgreina rannsóknarblaðamennsku sem þá blaðamennsku sem yrði til þegar blaðamanni væri gefið frí frá daglegum tékkmálum og fengi svigrúm til að helga sig tilteknu máli í tiltekinn tíma. Þá telja ymsir að í þessari skilgreiningu sé hinn siðferðilegi og umbótasinnaði undirtönn rannsóknarblaðamenskunnar ekki dreginn nægilega fram, á meðan aðrir vara við að hlaða hugtakið slíkum gildum. Í raun má þó segja að það sé, þegar allt kemur til alls, lítill munur á siðferðileg-

um grunni rannsóknarblaðamennsku og hefðbundinnar blaðamennsku. Í báðum tilfellum er grunntönninn sá að segja sannleikann og sérstaklega það sem skiptir máli fyrir almannaheill. Að reyna að greina rannsóknarblaðamennsku út frá siðferðilegum mælikvörðum getur því verið varasamt, e.t.v. ekki vegna þess að slíkt sé rangt, heldur vegna þess að það gerir lítið til að greina hana frá hefðbundinni blaðamennsku. Sumir hafa því viljað reyna að negla niður með hlutlægum hætti hvernig skilgreina mætti rann-

Það er síðan ítrekað hvað er átt við með þessu. Þannig visar orðið „gagnrýnin“ til þess að rannsóknarblaðamennska lætur sér ekki nægja að fylgja eftir fréttablæði dagsins og segja fréttir sem þegar er vitað um, heldur skapar hún fréttir með ítarlegri athugun og býr þannig til með blaðamennsku sinni fréttir sem annars hefðu aldrei orðið til. Að kafa undir yfirborðið merkir að umtalsverðum blaðamenskukröftum hefur verið beitt við að afla upplýsinganna – hvort heldur það var í magni þeirrar vinnu sem í málið var lögð eða

í formi snjallra og greinandi spurninga, með nýrri nálgun eða einhverju því um líku. Nú eða þá í einhverju samspili þessa tveggja.

Í framhaldi af þessari skilgreiningu hefur VVOJ gert greinarmun á þremur tegundum eða sviðum rannsóknarblaðamennsku. Þessir flokkar eru vissulega skyldir og geta skarast verulega.

Hvaða miðlar stunda rannsóknarblaðamennsku?

- Dagblöð með landsdekkandi útbreiðslu
- Almenningsútvörp
- Tímarit með landsdekkandi útbreiðslu
- Nokkur svæðisbundin eða staðbundin blöð – þó ekki mikið
- Ein og ein einkasjónvarpstöð – þó ekki margar
- Fagrit á sviði viðskipta
- Bækur – eru sums staðar mjög mikilvægar

(Dick von Eijk, 2005)

sóknarblaðamennsku. Tvær leiðir koma þar til greina. Annars vegar að reyna að flokka útkomuna með einhverjum hætti og segja að tiltekna afurðir séu afurðir rannsóknarblaðamennsku. Afhjúpanði mál þar sem flett er ofan af einhverju, séu þannig dæmi um afurð rannsóknarblaðamenskunnar. Hins vegar er ljóst að það endar hvergi nærri öll rannsóknarblaðamennska í afhjúpunum og afhjúpanir geta komið fram án tillits til þess hvort vinnubrögðin falli undir rannsóknarblaðamennsku. Þessi leið hefur því augljósa galla. Hin leiðin er sú sem Hollendingarnir í VVOJ fóru í bók sinni og miðar fyrst og síðast við þær vinnuáferðir og nálgun sem notuð er við að vinna tiltekið mál. VVOJ, sem eru jú samtök rannsóknarblaðamanna, þurfti strax við stofnun að taka afstöðu til þessarar skilgreiningar og í bókinni um hinn evrópska samanburð er jafnframt byggt á skilgreiningu samtakanna. Skilgreiningin sjálf er í senn viðtæk og stutt og hljóðar svona: „Rannsóknarblaðamennska er gagnrýnin blaðamennska sem kafar undir yfirborð hlutanna.“

Þetta eru:

- a) Að afhjúpa hneyksli – og þefa uppi brot á lögum, reglum eða almennu siðferði hjá einstaklingum eða lögaðilum.
- b) Að rannsaka stefnumál og starfshætti stjórnvalda, fyrirtækja og annarra skipulagsheilda.
- c) Að lýsa félagslegri, efnahagslegri eða pólitískri þróun þannig að hægt sé að merkja mikilvægar breytingar á samfélaginu.

Með þessari skilgreiningu er ekki lögð sama áherslan á afhjúpun leyndar eins og í mörgum öðrum skilgreiningum, og viðfangsefni af ýmsu tagi geta átt heima undir þessari skilgreiningu. Svo vill til að þessi skilgreining VVOJ er í grundvallaratriðum sú sama og notuð hefur verið hér á Íslandi af dómnefnd Blaðamannaverðlaunanna við veitingu verðlauna fyrir rannsóknarblaðamennsku. Hér hafa vinnureglur eða viðmiðun dómnefndar verið þessi: „Horft er til þess að blaðamaður hefur þurft að velja við steinum og skoða þá kima sem ekki eru augljósir í daglegu amstri. Skipuleg vinnubrögð og úrvinnsla rannsóknarvinnu skiptir máli.“

Stikkorð: rannsóknarvinna, eftirfylgni, mikilvægi.“

Augljóslega er ekki hægt að greina frá niðurstöðum rannsóknarinnar í einstökum atriðum á þessum vettvangi, en rétt er að benda á að hægt er að panta bókina í gegnum VVOJ og eins er eintak af henni til á skrifstofu Blaðamannafélagsins í Síðumúlanum. Það sem hins vegar er hægt að gera hér, er að draga saman nokkrar niðurstöður hennar og meta að hvaða gagni þessi rannsókn kann að koma fyrir einstaka blaðamenn, fyrir ritstjóra og fjölmiðla, fyrir samtök blaðamanna og fyrir fjölmiðlarannsóknir almennt.

Gildi fyrir blaðamenn

Gildi þessarar kortlagningar fyrir blaðamenn liggur fyrst og fremst í því að hún getur auðveldað skilning og samskipti við blaðamenn í öðrum löndum. Fátt er auðveldara fyrir blaðamann, sem hyggur á samstarf við erlendan kollega í Evrópu, en að falla í þá gildru að ætla að starfsumhverfi kollegans og skilningur á hugtökum sé meira og minna sá sami og hans eigin. Svo er hins vegar alls ekki. Rannsóknin sýnir að mjög líklegt er að blaðamannapar frá tveimur löndum muni hafa mjög ólíka stöðu innan sinnar ritstjórnar – til dæmis hvað varðar möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða og ákvarðanatöku. Einnig er mikill munur á því hvað menn telja vera mikilvægustu atriðin í blaðamennsku og hvaða aðferðum þeir eru tilbúnir til að beita í rannsóknum sínum. Munur af þessu tagi gæti auðveldlega orðið Þrándur í Götu samvinnu. Jafnvel þótt ekki sé til staðar mikill munur hvað þetta varðar í einhverjum tilteknum löndum, þá er fjölbreyntin einfaldlega svo mikil og svo víðtæk að ástæða er fyrir blaðamenn í samstarfi að ræða alltaf þessa hluti til að tryggja að ekki sé misskilningur á ferðinni.

Þá eru upplýsingalög mjög misjafnlega vel þróuð í hinum ýmsu löndum. Málsgögn sem dygði að hringja eftir í Svíþjóð gæti verið ógerningur að fá í



Hollensk-flæmska rannsóknarblaðamannasambandið bauð upp á góða aðstöðu í ráðstefnumiðstöðinni Meervaart í Amsterdam.

Sviss og í Frakklandi kallaði það e.t.v. á hádegisverð með einhverjum skriffinna í lykilstöðu að verða sér úti um þau.

Ritstjórar – fjölmiðlar

Ein mikilvægasta niðurstaða rannsóknarinnar er sú, að spurningin um rannsóknarblaðamennsku er ekki endilega spurning um fjárhagslegan styrk fjölmiðils. Peningaleysi er mjög víða og oft notað af ritstjórum og stjórnendum sem afsökun fyrir því að ekki sé mikil stund lögð á rannsóknarblaðamennsku. Þessi rök standast þó ekki nánari skoðun, því þegar reynt er að skoða samhengið milli fjárhags-

tíma og ýmis stór og efnamikil blöð eða miðlar stunda enga slíka blaðamennsku. Vissulega kalla stór og þung rannsóknarverkefni á sterkan fjárhag þeirra sem að þeim standa. Hins vegar er það svo að í flestum tilfellum eru áhugaverðustu rannsóknarverkin við bæjardyrnar og kalla ekki á margra ára eða mánaða rannsóknir. Þetta geta því verið til þess að gera ódýr verkefni, og spurningin þá frekar um forgangsroðun en fjármagn. Hins vegar virðist það vera nokkuð almennt að ritstjórnarleg stefnumörkun, og þar með forgangsroðun verkefna sé ekki mjög sterk hjá fjölmiðlum.

Þá sýna dæmi – sérstaklega frá Svíþjóð – að ritstjórnir þar sem stjórnskipulag er flatt, blaðamenn með mikið sjálfstæði og hefð er fyrir skapandi vinnuandrémslofti eru líklegri en aðrar til að ástunda rannsóknarblaðamennsku. Þetta stafar af því að með þessari uppbyggingu á ritstjórn virðast menn

vera tilbúnari til að taka áhættu í verkefnavali og slíkt er grundvallaratriði ef rannsóknarblaðamennska á að þrífast. Það er m.ö.o. alls ekki víst að svona verkefni, sem eytt er miklum tíma og jafnvel fjármunum í, skili sér

Hverjir stunda rannsóknarblaðamennsku?

- Yfirgnæfandi fjöldi rannsóknarblaðamanna eru karlar
- Mest blaðamenn á dagblöðum eða prentmiðlum.
- Oftast fólk sem hefur reynslu
- Fólk sem er yfir þrítugu

(Dick von Eijk, 2005)

stöðu og hversu mikil rannsóknarblaðamennska er stunduð á miðlum, þá virðist ekkert samband vera þar á milli. Meðalstór blöð, og jafnvel smáblöð, stunda oft á tíðum umtalsverða rannsóknarblaðamennsku á sama



inn á síður blaðanna eða inn í fréttatímama. Þess utan eru alltaf talsverðar líkur til að rannsóknarblaðamenskuverkefni muni koma við kauninn á einhverjum og hafa eftirmála, jafnvel fyrir dómstólum.

Þá er það ágætur lærdómur, sem fjölmiðlar geta dregið af þessari rannsókn að það getur margborgað sig til lengri tíma að senda blaðamenn á blaðamannaráðstefnur erlendis þar sem þeir kynnast starfsaðferðum og sjónarmiðum kollega sinna. Miklu ódýrara og skilvirkara getur verið að leita eftir samstarfi við þessa aðila þegar verkefni eru fjölþjóðleg, en að reyna að dekkja alla þætti upp á eigin spýtur. Þar getur tungumálakunnátta, menningarlæsi og þekking heimamanna skipt sköpum.

Samtök fjölmiðlafólks

Ljóst er að alþjóðleg vakning er að verða varðandi skipulagningu og starfsemi á sviði rannsóknarblaðamennsku. Þetta endurspeglast í þeirri alþjóðlegu ráðstefnu sem haldin var í Amsterdam í haust og hinum tveimur fyrri ráðstefnum í Kaupmannahöfn. Einnig er greinileg tilhneiging í mörgum Norður-Evrópulöndum til að stofna sérstök samtök rannsóknarblaðamanna, sem á tímum vaxandi skemmtifjölmiðlunar snúi bókum saman til að sporna við niðurskurði á sviði rannsóknarblaðamennsku og blási þvert á móti til sóknar hennar. Á alþjóðlegum ráðstefnum

hefur ekki orðið vart mikils menningar- munar í viðhorfum til rannsóknarblaða-

aðila með sértækum og markvissum aðgerðum. Nokkurn veginn það sama gildir um hin nýfrjálsu ríki Austur-Evrópu. Ljóst er að rannsóknarblaðamennskan getur almennt lært mikið af reynslu Bandaríkjamanna, en það er jafnframt ljóst að Evrópubúar geta ekki ljósritað þá reynslu og yfirfært hana á evrópskt samfélag – hana verður að aðlaga að öðrum aðstæðum.

Engin evrópsk hefð í blaðamennsku

• Engin ein evrópsk blaðamennskuhefð til og munurinn er mikill með tilliti til hluta eins og:

- frjálstræðis í starfsumhverfi fjölmiðla
- sveigjanleika og yfirsátaraðar á ritstjórninni
- hvort borga megi fyrir upplýsingar
- hvort virða eigi einkalíf glæpamanna
- stöðu og virkni upplýsingalaga

(Dick van Eijk, 2005)

mennsku, en það má e.t.v. skýra með því að á slíkum mótum hafa Norðurlandabúar og Bandaríkjamenn verið yfirgnæfandi. Stór markaðssvæði blaðamenskunnar í Evrópu, s.s. Þýskaland, Bretland og Frakkland hafa hins vegar verið áberandi faliðuð. Rannsóknin dregur fram ákveðin menningarleg atriði varðandi blaðamenskuna í þessum löndum, sem gætu skýrt hvers vegna áhugi þar- lendra blaðamanna hefur ekki verið meiri en raun ber vitni, og bendir einnig til þess að brúa megi bilið milli

Fjölmiðlarannsóknir

Þessi rannsókn Dick van Eijk og félagar hjá VVOJ er mikilvægt og stefnumarkandi innlegg í heldur fátæklega flóru af praktískum fjölmiðlarannsóknnum í Evrópu. Verulegt magn af fjölmiðlarannsóknnum er til um bandarískt fjölmiðlasamfélag og talsvert er til um Bretland. Hins vegar er garðurinn ekki eins auðugur þegar meginland Evrópu er skoðað. Vissulega eru til rannsóknir frá einstökum löndum, en oftar en ekki eru slíkar rannsóknir á tungumáli, sem aðeins er talað í viðkomandi landi. Enginn vafi er á því að fjölþjóðlegur samanburður eins og sá sem gerður er í rannsókn VVOJ mun gagnast starfandi blaðamönnum líka og það munu framtíðarrannsóknir sem fylgja þessu fordæmi gera líka. Þá er jafnframt líklegt að með þeim fjölþjóðlegu tengslanetum, sem nú er verið að mynda í kringum þessar alþjóðlegu ráðstefnur skapist grundvöllur til að taka saman skrá rannsóknarita, sem aðgengileg yrði blaðmönnum sem kynnu að hafa áhuga á þverþjóðlegri samvinnu í viðfangsefnum sínum.

Ritstjórnir og rannsóknarblaðamennska

- Afneitunarstefna – ritstjórar gefa ekki færi á rannsóknarblaðamennsku
- Umburðarstefna – ritstjórar gefa ekki sérstakan tíma í málin en birta útkomuna ef hún kemur
- Stuðningsstefna – ritstjórar gefa mönnum tækifæri til að vinna mál og birta niðurstöðurnar
- Smá-stefnumörkun – sérstakir blaðamenn sinna rannsóknarblaðamennsku, en þó að eigin frumkvæði
- Miðlungs-stefnumörkun – settur er upp rannsóknarblaðamennsku hópur(desk) og sérstökum stjóra sem ber ábyrgð á hópnum sem á að sjá um þessi verk
- Stór-stefnumörkun – öll ritstjórnin er meira og minna undirlögð í rannsóknarblaðamennsku í gegnum ítarlega skipulagningu á vinnuferlum og verkaskiptingu.

(Dick van Eijk, 2005)

Rannsóknar- blaðamennskan ekki stunduð að neinu marki

– segir Brynhildur Ólafsdóttir, fyrsti handhafi
Blaðamannaverðlauna fyrir rannsóknar-
blaðamennsku

Brynhildur Ólafsdóttir fréttamaður var fyrsti handhafi Blaðamannaverðlauna Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku. Verðlaunin fékk hún árið 2004 – árið sem stofnað var til verðlaunanna – fyrir umfjöllun sína á árinu 2003 um varnarmál og boðaða brottför hersins. Blaðamaðurinn leitaði til Brynhildar um skoðanir og mat á stöðu íslenskrar rannsóknarblaðamennsku og spurði hana fyrst hvort það væri eitthvað í íslenskrum blaðamennskuhefð sem gerði það að verkum að rannsóknarblaðamennska virtist ekki mjög áberandi á Íslandi, eða í það minnsta ekki umræðunni um íslenska blaðamennsku.

„Að einhverju leyti er þetta auðvitað spurning um skilgreiningar, en eins og ég hef alltaf skilið þetta hugtak, rannsóknarblaðamennska, þá finnst mér þessi tegund af blaðamennsku ekki vera stunduð að neinu marki hér á Íslandi. Og þó ég sé handhafi sérstakra verðlauna Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku þá verður að viðurkennast að það mál var einskær heppni og hreint ekki þannig að ég hafi fengið einhvern grun og þrjúskast við þar til skúbbið var fundið.

Í grófum dráttum finnst mér að skipta megj þeim fréttum sem héraendis eru kallaðar rannsóknarblaðamennska í tvennt: Í fyrsta lagi eru

þetta ítarlegar úttektir á ákveðnum málum, gjarnan í viðskiptum, þar sem talað er við flesta hlutaðeigandi og málið sett í samhengi. Út úr þessu geta komið góðar fréttir og oft er mjög þarft að skoða mál á þennan hátt. Hins vegar er oftast bara verið að segja sömu, gömlu fréttirnar á ítarlegri máta og í því samhengi sem skapast þegar ákveðinn tími er liðinn frá atburðinum. Það má því kannski frekar kalla þetta fréttasagnfræði en rannsóknarblaðamennsku.

Í öðru lagi, er rannsóknarblaðamennska Íslands byggð á lekum, þ.e. einhverur lekur upplýsingum í blaðamann. Eðli málsins samkvæmt er það oftast einhver sem hefur hagsmuni af því að þessar upplýsingar komist í hárnæli. Það er síðan mælikvarði á gæði fréttamannsins hvernig hann vinnur úr þessum upplýsingum. Ef fréttamaðurinn er góður og lætur heimildamanninn og lekann, sem oft getur verið takmarkaður, ekki algerlega ráða för heldur kannar allar hliðar málsins og leitar sér frekari upplýsinga með lekann að vopni, þá er hægt að fara að tala um rannsóknarblaðamennsku sem stundur undir nafni. Því miður stoppar málið oft hjá þessum eina heimildamanni og þessum ákveðna leka og litlar eða engar tilraunir eru gerðar til að skoða málið í einhverri heild. Út kemur einhliða frétt og viðbrögð næsta dag,

sumir segja að húsið sé rautt, aðrir að það sé gult og tækifæri til góðrar rannsóknarblaðamennsku er liðið hjá.“

– Í evrópskri rannsókn kom í ljós að það var ekki endilega spurning um fjármagn hvort stunduð var rannsóknarblaðamennska eða ekki. Skiptir þetta máli hér á landi – hafa miðlarnir ekki efni á rannsóknarblaðamennsku?

„Ég held að flestir ritstjórar eða fréttastjórar héraendis séu tilbúnir að gefa fréttamanni sem er þegar komin með gott mál í hendurnar eitthvert svigrúm til að rannsaka það frekar. Það er hins vegar oft erfiðara að fá tækifæri til að kanna eitthvað frá grunni, eitthvað sem gæti þess vegna gufað upp eftir tveggja daga vinnu. Það er reyndar líklegra að eldri og reyndari blaðamönnum sé treyst af yfirmönnum sínum í svoleiðis verkefni á meðan þeir sem eru ungir og tiltölulega nýbyrjaðir þurfa oft að leggja á sig ómælt erfiði og ólaunaða vinnu til að geta markað sér nafn og staðið uppi með skúbbið í höndunum.

Ég er ekki viss um að þetta sé spurning um peninga, miklu frekar mannafla, þó þetta tvennt tengist auðvitað. Fréttastofur eru bara ekki mannaflar þannig að það sé alltaf hægt að sjá á bak einum af kannski fimm manna teymi sem vinnur baki brotnu



Brynhildur tekur við verðlaunum fyrir rannsóknarblaðamennsku úr hendi Elínar Pálmadóttur dómnefndarmanns.

þann daginn við að fylla fréttatímann eða blaðið. Það getur verið erfitt fá fólk í aukavinnu og þá þurfa hinir sem eftir eru í hinu daglega streði að hlaupa hraðar."

– Er þá eitthvað í uppbyggingu íslenskra ritstjórna, sem ræður því hvort rannsóknarblaðamennska er stunduð eða ekki stunduð á Ísland?

„Ég veit svo sem ekki hvernig þetta er annars staðar í heiminum en mig grunar að það sé mjög íslenskt fyrirbrigði að skipa svo þröngt inn á ritstjórnir að allt batterið fari úr skorðum þegar einn blaðamaður fær að sinna svona sérverkefnum, hvað þá ef fréttin deyr í höndunum á honum. Auðvitað þyrfti að gera ráð fyrir a.m.k. einu stöðugildi sem hægt væri að nýta stöðugt í einhvers konar dýpri rannsóknarvinnu. Ætli þetta sé ekki Akki-

lesarhæll íslenskra ritstjórna því það virðist loða við að fréttamenn séu metnir eftir því hversu mörgum fréttum þeir skila af sér frekar en lagt sé mat á gæði og innihald. Það er léleg aðferðafræði og arfaslök fréttastjórna."

– Er samfélagið hér á Íslandi tilbúið fyrir rannsóknarblaðamennsku, er það ekki of lítið, eigendavaldið of sterkt, og eru blaðamenn yfirleitt nógu menntaðir t.d. til að nota tölvutækni o.þ.h? Eða erum við kannski í góðum málum?

„Ég held að blaðamenn séu almennt séð fyllilega í stakk búinir hvað varðar menntun og hæfni til að stunda rannsóknarblaðamennsku og nýta sér þá tækni og þær upplýsingar sem hægt er að nálgast. Það verður hins vegar að viðurkennast að það eru ekkert mjög margir sem gera slíka hluti eins

og að rekja pappírsslóðir, skoða hluta-félagaskrá og þess háttar. Ég fæ ekki séð að eigendur eða vald þeirra standi í vegi fyrir rannsóknarblaðamennsku enda hef ég persónulega aldrei orðið fyrir því að eigendur þeirra miðla sem ég hef starfað hjá hafi beinlínis stoppað eða stýrt frétt sem ég hef verið að vinna við. Hvað varðar þetta litla samfélag okkar þá er það alþekkt vandamál til dæmis að fréttaritarar í litlum plássum úti á landi horfi framhjá stóru og erfiðu málunum hreinlega vegna þess að þeir þekkja alla of vel. Ísland er hins vegar nógu stórt til að þetta eigi ekki við almennt séð og það eru bullrök að aðgangshörð rannsóknarblaðamennska eigi ekki heima hérlandis. Það er alltaf pláss fyrir góða blaðamennsku."

Á hvaða sviðum telurðu að rannsóknarblaðamennskan sé sterkust og á hvaða sviðum veikust?

„Líklegast er einhvers konar rannsóknarblaðamennska mest stunduð á viðskiptasviðinu og að einhverju leyti að því er varðar pólitíkina. Það er hins vegar afar margt sem stendur út af á þessum sviðum og mörg tækifæri sem biða."

Eru horfur á að þetta fari að breytast?

„Já, já, ég er bjartsýn og held að það stefni allt í betri tíð með blóm í haga. Ég held líka að verðlaun Blaðamannafélags Íslands virki mjög hvetjandi á stéttina. Það hefur til að mynda verið ákveðið á mínum vinnustað að nota þau sem tækifæri til að fylgjast með gæðum þeirra fréttamanna sem fréttamenn skila af sér. Þegar liður að tilnefningum verða allir fréttamenn beðnir um að skila sínum fimm bestu fréttum síðasta árið inn til fréttastjóra sem síðan notar þann gagnabanka, ekki aðeins til að tilnefna fréttamenn til verðlaunanna heldur líka sem grunn fyrir árlegt starfsmannaviðtal fréttamannanna. Ég held að þetta verði til þess að fólk leggi meira á sig, því hver vill sitja uppi með þá skömm að hafa kannski bara gert tvær sæmilega góðar fréttir á heilu ári?"

– BG

Blaðamennska & fréttamennska



Eftir
Kristin Hrafnsson
blaðamann

„Starf blaðamanna felst í tilraun til að skrá söguna á meðan hún er að gerast,“ segir Robert Fisk, blaðamaður á Independent í nýútkominni bók. En Fisk gerir sér grein fyrir því að þetta er ekki nægjanleg skilgreining og vitnar í kollega, sem benti honum að á að það væri einnig frumskylda blaðamanna að veita valdhöfum aðhald.

Hér á landi hefur fagleg umræða um starfssvið blaðamanna töluvert einkennst af ólíkum skilningi á hlutverkum og raunar hugtökum, sem ef til vill skýrir af hverju þessi umræða vill fara út og suður í sínu skötulíki. Þannig kallar umræða um rannsóknarblaðamennsku á skilgreiningu á blaðamennsku og einhverja tilraun til að aðgreina þessi tvö hugtök. Það kann að vera þrautin þyngri.

Hér hefur skapast sú hefð að kalla þá fréttamenn sem starfa á ljósvakanum, en blaðamenn sem vinna við prentmiðla. Ef til vill væri gagnlegt að breyta þessum merkimiðum og aðgreina þar með fréttamennsku og blaðamennsku. Fréttaflutningur er þá grunnþáttur í starfi allra í stéttinni, – að segja af tíðindum liðandi stundar. Það er ekki sjálfgefið að það felst mikil

greining í fréttaflutningi og í sumum tilfellum er engin þörf á henni, en aftur á móti kalla aðrar fréttir á greiningu og gagnrýna nálgun. Mætti segja að þar þyrfti að beita tækjum blaðamennskunnar. Kranablaðamennska (à la Jónas) er þá, í þessu samhengi, fréttamennska án blaðamennsku.

Ef menn aðgreina með þessum hætti fréttamennsku og blaðamennsku, hver verður þá munurinn á blaðamennsku og rannsóknarblaðamennsku? Ef til vill er einungis hægt að segja að þar sé stigsmunur á – en ekki eðlismunur. Öll blaðamennska felur í sér rannsóknir á grundvelli gagnrýnnar hugsunar, en rannsóknarblaðamennska útheimtir meiri vinnu og kostnað. Hún er tilraun til að segja „alla söguna“ og draga þannig fram nýjan sannleik sem skiptir verulegu máli fyrir almenning; lesendur, hlustendur og áhorfendur. Efnistökrannsóknarblaðamannsins eru oftast en ekki miðuð útfrá þessari skyldu blaðamannsins, sem starfsfélagi Fisk nefnir, að veita valdhöfum aðhald. Rétt er þá að hafa í huga að valdhafar dagsins eru ekki síst þeir sem byggja vald sitt á peningum – auðvaldið, svo maður gerist brattur og sækir hugtak í smíðju Marx.

Það má nefna eitt dæmi úr fréttamhverfi síðustu missera til að varpa ljósi á þessar hugleiðingar um hugtök að ofan. Innan gömlu Flugleiða sem nú heita FL-Group hafa verið ótrúlegar hræringar undanfarið. Það hefur ekki skort á fréttaflutning af fyrirtækinu, hvort sem greint er frá stórstigri útrás eða örum útskiptum í stjórnunarstöðum. Þessu hefur öllu verið faglega og skilmerkilega lýst –

en það er ekki nóg. Það verður að vísu að metast, að reynt hefur verið að beita tækjum blaðamennskunnar á þessar fréttir, hvassra spurninga hefur verið spurt og brotabrot af heildarmyndinni hafa verið birt, höfð eftir nafngreindum og ónafngreindum heimildarmönnum. En þegar þetta er ritað hefur sagan öll ekki verið sögð. Þetta er efni fyrir rannsóknarblaðamanninn og þar sem nóg er af hæfu fólki í stéttinni geri ég ráð fyrir að hægt og hljótt sé verið að vinna að þessari úttekt á nokkrum ritstjórnnum. Það á að vera óþarft að fara í rökstuðning fyrir þessum efnistöku í ljósi gífurlegra hagsmuna almennings enda eru undir allar flugsamgöngur til og frá landinu.

Það hefur verið mikið umrót í fjölmiðlum síðustu misseri og ekki hægt að segja annað en nokkur gróska hafi verið á þessu sviði. Á árinu bættist nýtt dagblað í flórana og heil fréttasjónvarpsstöð á leið í loftið. Það ætti því að hafa fjölgað talsvert í stéttinni og eins ljóst að fréttamagnið hefur aukist mikið. En það er ekki nóg að segja fréttir, það þarf einnig að sinna blaðamennsku. Það heyrast þær raddir að blaðamennska hafi dalað þrátt fyrir aukið fréttamagn. Það kann að vera eitthvað til í því en það má einnig vera að þörfin fyrir blaðamennsku hafi aukist til muna á síðari tímum. Beinist sú þörf ekki síst að nýjum valdsmönnum og þá þeim sem hafa veruleg áhrif á örlög almennings í krafti auðsins. Ef til vill hafa blaðamenn verið seinir í gang á sama hátt og nýjar eftirlitsstofnanir hafa verið nokkuð syfjulegar í morgunsári eigin tilvistar og rannsóknar- og saksókn-



Frá afhendingu Blaðamannaverðlaunanna í fyrra. F.v.: Kristinn Hrafnsson, sem fékk verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku, Bergljót Baldursdóttir, sem var verðlaunuð fyrir bestu umfjöllunina, Ragnar Axelsson, sem var verðlaunaður fyrir ljósmynd ársins, og Árni Þórarinnsson, sem fékk Blaðamannaverðlaun Íslands.

araembætti löggæslunar hafa einnig sætt ámæli fyrir að hafa ekki vaknað til vitundar um breytta tíma. En er ekki einsýnt að Eyjólfur hressist?

Menn hafa miklar áhyggjur af beinum og óbeinum áhrfum eigenda fjölmiðla á blaðamenskuna, svo mjög að löggjafinn hyggur á lagasetningu til að sporna gegn þeim. Sú umræða hefur einkennst umtalsvert af vanþekkingu á innviðum fréttamiðla og því starfi sem þar er unnið. Sjálfir hafa blaðamenn gerst sekir um að taka þátt í óvandaðri umræðu úr skotgröfum sinna miðla og eytt alltof miklu þúðri í sundrunu þegar nauðsyn hefur verið á faglegri hvatningu um það sem sameinar blaðamenn. Fjöl-

miðlalög munu til dæmis aldrei vera nokkur vörn gegn sjálfsritskoðun á fréttamiðlum þegar kemur að málefnum sem tengjast eigendum miðlanna. Þar er öflug samvitund stéttarinnar sterkasta vörnin og kröftug samstaða um markmið blaðamenskunnar.

Það verður að láta þess getið í lokin að fagleg umræða meðal blaðamanna hefur snúist alltof mikið um gólfið en ekki þakið. Karpað er um það að gólfið í blaðamenskunni hafi sigið svo mjög að forarvilpan flæði inn og gott ef ekki að hún sé að slettast á finpússaða skó vammlausra alvörublaðamanna. Í stað þess lúta höfði og horfa niður á tærnar á sér er ef til vill réttara að kíkja til lofts og spyrgja sig

hvort þakið í blaðamenskunni hafi ekki sigið óþarflega mikið. Allt að einu er aukin þörf á því, með vaxandi flækjustigi í þjóðfélaginu, að láta ekki við það sitja að dæla linnulausum fréttum yfir þjóðina. Þá lendum við í þeirri stöðu að drukkna í upplýsingum á sama tíma og okkur þyrstir í þekkingu, svo vitnað sé í framtíðarfræðing. Í fréttafloðinu er nauðsynlegt að setja kraft í blaðamenskuna, og já einnig í rannsóknarblaðamenskuna.

*Kristinn Hrafnsson
handhafi Blaðamannaverðlauna
Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku árið 2004*



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

vetur/vor 2006

Stjórn Endurmenntunarsjóðs blaðamanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ á tímabilinu

janúar-júní 2006

Umsóknum skal skilað fyrir 18. nóv. nk. til skrifstofu BÍ. Hægt er að sækja um á heimasíðunni www.press.is eða fá eyðublöð á skrifstofu BÍ.

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a:

- Nám við Háskóla Íslands
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum, s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þáttökugjöldum.

Munið að umsóknarfrestur er til 1. desember

Meðaltal heildarlauna 330 þúsund á mánuði



Eftir
Örnur Schram
formann BÍ

Ríflega áttíatiu prósent þeirra sem svöruðu í viðhorfs- og kjarakönnun Blaðamannafélags Íslands í haust eru á fastlaunasamningi eða með föst laun á mánuði. Meðaltal þeirra launa er 336 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi þeirra launa er 330 þúsund á mánuði, en það þýðir að helmingur svarenda er með hærri heildarlaun en

330 þúsund á mánuði og helmingur svarenda með lægri laun.

Könnunin var gerð á tímabilinu 14. september til 26. september og var spurningalisti sendur á netföng 304 félagsmanna BÍ sem starfa hjá 365 prent- og ljósvakamiðlum, Morgunblaðinu, Fróða, Viðskiptablaðinu og Blaðinu. Níu netföng reyndust ónot hæf og því var endanlegt úrtak 295 félagsmenn. Svarhlutfall var 58%, þar af voru 54,4% karlar og 45,6% konur. Miðað við úrtakið í heild svöruðu þó hlutfallslega fleiri konur en karlar. Flestir svarenda, eða um 64%, eru almennir blaða- eða fréttamenn. Aðrir eru vaktstjórar eða í öðru ábyrgðar- eða yfirmannastarfi. Svarhlutfall var nokkuð jafnt milli miðla og nær allir svarendur eru í fullri vinnu.

Í könnuninni var spurt um grunnlaun og heildarlaun. Í ljós kom að

grunnlaun, þ.e. laun án yfirvinnu, eru að meðaltali 292 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi þeirra launa er 265 þúsund krónur á mánuði. Grunnlaun kvenna eru að meðaltali 267 þúsund krónur á mánuði en grunnlaun karla eru að meðaltali 311 þúsund krónur á mánuði. Það þýðir að grunnlaun karla eru að meðaltali 44 þúsund krónum hærri en grunnlaun kvenna.

Einnig var spurt um heildarlaun, þ.e. laun með yfirvinnu og öðru. Í ljós kom að heildarlaun eru að meðaltali 330 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi þeirra launa er 327 þúsund krónur á mánuði. Heildarlaun kvenna eru að meðaltali 302 þúsund krónur á mánuði og heildarlaun karla eru að meðaltali 356 þúsund krónur á mánuði. Það þýðir að heildarlaun karla eru að meðaltali 54 þúsund krónum hærri en heildarlaun kvenna.

Kjarakönnun 2005	Grunnlaun, þús. kr.				Heildarlaun, þús. kr.			
	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk
Allir	219	292	265	340	260	330	327	375
Kyn:								
Karl	237	311	290	360	275	356	350	390
Kona	205	267	240	330	240	302	300	345
Hvaða námi hefur þú lokið?								
Grunnskólaprófi		336	260			324	333	
Stúdentsprófi	200	273	248	340	215	317	305	365
BA/BS námi	219	293	260	338	250	320	313	370
MA/MS eða lengra námi	240	332	326	380	285	358	330	390
Öðru		269	255			336	330	
Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku:								
Skemur en 1 ár		213	210			245	222	
1-5 ár	210	259	240	290	235	288	275	310
6-10 ár	240	321	332	370	305	351	354	377
11-15 ár		281	260			280	347	335
16-20 ár	240	332	335	400	320	377	357	400
20 ár eða fleiri		358	340			312	398	430
Ábyrgð:								
Almennur blaða-/fréttamaður	210	261	240	297	240	300	300	340
Vaktstjóri		317	315			348	354	
Annað ábyrgðar- eða yfirmannsstarf	260	358	350	400	327	396	382	430
Launafyrirkomulag:								
Fastlaunasamningur (föst laun á mán.)	219	301	290	354	260	338	330	380
Grunnlaun og sérstaki. gr. f. yfirv.	220	255	240	260	260	308	315	330
Lægsta gildi:	200	213	210	260	215	245	222	310
Hæsta gildi:	260	358	350	400	327	398	382	430

Þessi munur á heildarlaunum karla og kvenna var ekki greindur nánar; ekki var t.d. greint hvort starfsaldur, vinnutími eða yfirmannastörf skýri þennan launamun kynjanna að einhverju leyti.


Meiri reynsla, hærri laun

Þegar litið er á heildarlaun miðað við menntun, kemur í ljós að þeir sem eru með MA eða MS próf eða lengra nám að baki eru að meðaltali með hæstu mánaðarlaunin, eða með 358 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði. Þeir sem eru með grunnskólapróf eru að meðaltali með 324 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði, þeir sem eru með stúdentspróf eru að meðaltali með 317 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði og þeir sem eru með BA eða BS próf eru að meðaltali með 320 þúsund í heildarlaun á mánuði.

Þegar litið er á heildarlaun miðað við starfsaldur kemur í ljós að þeir sem eru með lengstan starfsaldur eru með hæstu mánaðarlaunin. Þeir sem hafa unnið 20 ár eða lengur eru að meðaltali með 398 þúsund í heildarlaun á mánuði en til samanburðar eru þeir sem hafa unnið skemur en eitt ár

með að meðaltali 245 þúsund í heildarlaun á mánuði.

Þegar litið er á stöðu svarenda kemur í ljós að þeir sem eru í ábyrgðar- eða yfirmannastarfi eru að meðaltali með 396 þúsund í heildarlaun á mánuði, þeir sem eru vaktstjórar eru



að meðaltali með 348 þúsund í heildarlaun á mánuði og almennir blaða- eða fréttamenn eru að meðaltali með 300 þúsund í heildarlaun á mánuði.

Launaviðtal bar árangur

Í könnuninni var spurt hvort félagsmenn hefðu farið í launaviðtal eða starfsmannaviðtal á síðastliðnum tólf mánuðum. Í ljós kom að 44,8% svarenda höfðu farið í launaviðtal, en slíkt viðtal snýst um laun og kjör. Þar af sögðu 77% að launaviðtalið hefði borið árangur. Þá höfðu 24,7% svarenda farið í starfsmannaviðtal, en slíkt viðtal snýst um starfsþróun. Þar af sögðu 70% að starfsmannaviðtalið hefði borið árangur.

Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf félagsmanna til komandi kjaraviðræðna. Langflestir nefndu hækkun grunnlauna í því sambandi, því næst kom lengra orlof og þar á eftir styttri vinnutími. Fjöldmargir nýttu sér þann kost í lok könnunarinnar að koma með athugasemdir eða ábendingar. Þar komu m.a. fram þær skoðanir að blaðamannastarfið væri að verða láglaunastarf, einnig nefndu nokkrir að draga mætti úr yfirvinnu og að taka ætti tillit til MA menntunar í kjarasamningum, svo dæmi séu nefnd. Stjórn BÍ þakkar félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.



MÁL F A R S H O R N

Samræmi

Samræmi verður að vera:

Milli frumlags og sagnar

- Maðurinn sem kom í gær sagði ...

- Tuttugu og einn maður fórst ...
- Þúsundir manna slösuðust

Milli nafnorðs og fornafnsins sem vísar til þess

- Krakkarnir komu snemma heim, þeir sögðust ...

Sagnir/tíðir

- Sagnir innan setningar / málsgreinar skulu vera í sömu tíð. Ekki byrja á nútíð og fara svo í þátíð eða öfugt. Gleymið ekki samsettu tíðunum:
- Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar myndu (vth. þt.) nýtast
- *Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar muni (vth. nt.) nýtast

(Ath. Stjórnumerkta setningin er ótæk)

Sagnir/hættir

- Boðháttur nefnist það form sagnar sem notað er til að gefa skipanir eða fyrirmæli.
- Boðháttur í 2. p. et. er stofn sagnarinnar án nokkurrar endingar:
- Farðu heim — Far þú heim
- Veldu þennan — Vel þú þennan
- Sæktu lækinn — Sæk þú lækinn

Blaðamennska eða markaðsskrifstofur íþróttahreyfingar?

Íþróttaritstjórar á dagblöðum um allan heim leyfa íþróttahreyfingunni sjálfri að ráða hver séu forgangsmálin sem fjallað er um og hvað er á dagskrá í íþróttumfjölluninni. Þetta er ein helsta niðurstaða einhverjar umfangsmestu könnunar sem gerð hefur verið á íþróttablaðamennsku í heiminum. Könnunin var unnin af danskri ráðgjafastofu vegna undirbúnings fyrir stórráðstefnuna „Play the game“ sem haldin var í Kaupmannahöfn nú í nóvember. Könnunin var gerð í samstarfi við rannsóknarstofnunar í 10 ólíkum löndum.

Könnunin náði til um 10.000 greina/frétta um íþróttir í 37 dagblöðum í 10 löndum. Í ljós kemur að íþróttasiður dagblaðanna eru að mestu helgaðar

tilteknum tegundum íþrótta, íþróttastjörnum, og alþjóðlegum uppákomum sem skapa sem mesta fjárhagslega veltu. Þessi stefna styður við rekstrarþætti eins og auglýsingar, kostun, og eykur áhorfendafjölda bæði á sjónvarp og á leikvöllinum.

Íþróttafréttamenn að bregðast hlutverki sínu

Því má segja að íþróttadeildir fjölmiðla séu farnar að starfa sem markaðsdeild fyrir íþróttahreyfinguna í heiminum, en það er þó ekki vegna þess að ekki sé til staðar frambærilegur hópur faglegra íþróttafréttamanna. „Viðskipta- og markaðsprýst-

ingurinn í íþróttunum hefur sett slíkan þrýsting á blaðamenskuna að það er nær ógerlegt að vinna í samræmi við grundvallar hugsjónir fagsins,“ segir Knut Helland, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi og sérfræðingur í íþróttablaðamennsku.

Fræðimenn og íþróttafréttastjórar benda á fleiri þætti sem torvelda gagnrýna og aðhaldsmiðaða íþróttablaðamennsku. Mörg íþróttafélög og íþróttastjórnur vinna markvisst gegn því að gagnrýnir blaðamenn fái viðtöl og annan þann aðgang að íþróttafólki sem nauðsynlegur er. Jafnframt er reynt að sannfæra ritstjóra um, að það væri betra fyrir viðkomandi miðil ef gagnrýnir blaðamenn yrðu látnir hætta við þau verkefni sem þeir eru að vinna. Þessu til viðbótar – á hinum endanum – eru lesendur og áhorfendur ótrúlega íhaldsamir og vinna gegn öllum breytingum í aðferðafræðinni í íþróttafréttamennsku.

„Könnunin ber með sér að dagblöðin eru að bregðast í einu af sínum lykilhlutverkum, nefnilega að vakta skipulagsformin og íþróttaiðnaðinn, sem hefur yfir að ráða miklu fjármagni og er gríðarlega valdamikill í samfélaginu,“ segir Jens Sejer Andersen, framkvæmdastjóri Play the Game ráðstefnunnar.

Hann bætir því við að ritstjórar og útgefendur – ekki síður en íþróttablaðamennirnir sjálfir – séu ábyrgir fyrir því að vera með eintómt léttmeti og afþreyingu í staðinn fyrir ögrandi umfjöllun um íþróttaiðnaðinum. Því sé það fyrst og síðast á þeirra ábyrgð að tryggja endurreisn hefðbundinna gilda blaðamennsk-



Úr leik íslenska landsliðsins. Engin sambærileg könnun er til um íslenska íþróttafréttamennsku.

Ljós.: ÞÓK

unnar á þessu sviði rétt eins og á öðrum áhrifamiklum sviðum samfélagsins.

Nokkrar niðurstöður

Í könnuninni er í raun ótrúlega lítil munur á því hvernig blöðin dekla íþróttir í ólíkum löndum, ef tekið er tillit til þess ef einhverjar íþróttagreinar hafa sérstaka þjóðlega skýrskotun. Í raun má segja að þessi könnun sýni að íþróttblaðamennska sé hnattrænt fyrirbæri – rétt eins og íþróttirnar sjálfar. Forgangsatridin í blaðamenskunni eru meira og minna hin sömu, hvort heldur menn eru í Washington eða Búkest.

- Úrslit leikja, leikjalýsingar og upphitunarumfjöllun um leiki eru áberandi. Um 58% greina fjalla um þetta.
- Fréttir og greinar um fjármál og íþróttastjórnsmál eru fáar og sjaldséðar: Um það bil ein af hverjum 30 greinum fjallar með einhverjum hætti um íþróttastjórnsmál og ein af hverjum 20 fjallar með einhverjum hætti um viðskiptahlíð íþróttanna.

- Áhersla á misnotkun lyfja fer minnkandi: Um 1.5% greina fjallar um lyfjanotkun sem er minna en í fyrri könnunum.
- Lítið er fjallað um félagsleg áhrif íþróttar: Aðeins um 2.5% greina fjalla með einhverjum hætti um félagsleg áhrif íþróttar.
- Konur eru ósýnilegar: Karlar eru miðpukurinn í flestum umfjöllunum. Einungis ein af hverjum 20 greinum eru skrifaðar af kvenblaðamönnum.
- Blaðamennska án heimilda: Um 40% af öllum íþróttafréttum vísa eingöngu í eina heimild. Um 20% fréttar/greina vísa ekki í neina heimild.
- Heimildir innan úr íþróttahæminum: Íþróttamenn, fulltrúar liða og þjálfarar eru yfirgnæfandi í þeim tilfellum þegar heimilda er getið.
- Vaxandi hnattvæðing íþróttanna: Í samanburði við fyrri rannsóknir bendir þessi rannsókn til að íþróttafréttir snúist í minna mæli um innlands íþróttir og í Evrópulöndum sérstaklega er áherslan á alþjóðlega atburði meira en helmingur allrar umfjöllunar.

Blöðin sem skoðuð voru

Ástralía: The Australian, Herald Sun, Sydney Morning Herald, The West Australian

Austurríki: Kleine Zeitung, Kronen Zeitung, Salzburger Nachrichten

Danmörk: B.T., Politiken, Berlingske Tidende, Jyllands-Posten, Fyens Stiftstidende

Þýskaland: Frankfurter Allgemeine Zeitung, Bild Zeitung, Hannoversche Allgemeine Zeitung, Süddeutsche Zeitung, Westdeutsche Allgemeine Zeitung, Hamburger Abendblatt

Noregur: Aftenposten, VG, Nordlys

Rúmenía: Evenimentul Zilei, Libertatea, Adevarul

Sviss: Der Tagesanzeiger, Blick, Neue Zürcher Zeitung

Bretland, England: The Daily Telegraph, The Sun, The Daily Mail

Bretland, Skotland: The Herald, The Daily Record, The Scottish Sun

Bandaríkin: USA Today, The New York Times, The Cleveland Plain Dealer, Atlanta Journal-Constitution, Nashville Tennessean

(Samantekt BG)

Myndir Ársins 2004



Myndir Ársins 2004 á tilboðsverði fyrir félagi í Blaðamannafélagi Íslands
Hafið samband á bl@press.is eða í síma 5539155

verð **2.500kr**

Hægfara samningaviðræður

– ávarp frá formanni Blaðamannafélagsins

Ágætu félagsmenn. Samningaviðræður hafa tekið drjúgan tíma forystu félagsins síðustu vikur en eins og kunnugt er verða samningar lausir í lok þessa mánaðar. Nú er fundað tvisvar í viku með Samtökum atvinnulífsins og þeim fjölmiðlum sem þar eru innanborðs, þ.e. 365-miðlum og Morgunblaðinu. Gert er ráð fyrir því að samningar við aðra fjölmiðla muni taka mið af samningum BÍ og SA. Í kröfugerð BÍ er m.a. gert ráð fyrir breytingum á launatöflu, hækkun grunnlauna og öðrum þáttum. Viðræðurnar ganga hægt og erfitt að meta, á þessari stundu, hvert þær munu leiða. Ekki er t.d. hægt að útiloka að félagsmenn þurfi á einhverjum tímavörðum að ihuga vandlega hvort þeir séu tilbúnir að fylgja kröfunum eftir með aðgerðum. Félagið er hins vegar ágætlega undir það bútt og á t.d. verkfallssjóð, sem gæti lágmarkað skaða félagsmanna komi til slíkra aðgerða.

Eins og kunnugt er tók undirrituð við formennsku í félaginu í kjölfar þess að Róbert Marshall sagði af sér vegna nýrra starfa, en þá hafði ég verið varaformaður í rúm tvö ár. Við það tækifæri, eins og reyndar oft áður, sagðist ég vilja efla enn frekar faglega umræðu innan félagsins. Þegar ég tók fyrst sæti í stjórn félagsins fyrir rúmum sex árum beitti ég mér sérstaklega fyrir því að Pressuvöldin yrðu endurvakin, en á þeim kvöldum hafa jafnan orðið fróðlegar og líflegar umræður um störf og helstu álitamál blaðamanna. Eitt slíkt kvöld hefur verið haldið í vetur, en auk þess hefur verið haldinn opinn fundur um stöðu fjölmiðlakvænna í samstarfi við Félag



Arna Schram.

fréttamanna og málþing um síðareglur BÍ. Málþingið tókst afskaplega vel; það var ágætlega sótt, umræður hreinskiptnar og skoðanir skiptar. Flestir þeir sem tóku til máls voru þó á því að tími væri kominn á endurskoðun síðareglunnanna. Í kjölfarið lagði ég fram tillögu í stjórn BÍ um slíka endurskoðun. Stjórnin samþykkti tillöguna og jafnframt að sérstök nefnd yrði sett saman til að leiða þá vinnu. Sú vinna þarf að vera ítarleg og góð en má að sjálfsögðu ekki dragast á langinn. Breytingar á síðareglum ganga þó ekki í gegn nema með samþykki aðalfundar BÍ og fram að því gilda að sjálfsögðu þær síðareglur

sem síðast voru samþykktar á aðalfundi.

Í vetur hefur enn á ný risið hörð gagnrýni á störf blaða- og fréttamanna og heilu fréttastofurnar jafnvel sakaðar um að ganga erinda eigenda sinna, viðskiptablokka eða stjórnmálaflokka. Hver hefur síðan étið upp gagnrýnina á eftir öðrum, án nokkurs rökstuðnings. Slík umræða hefur ítrekað komið upp síðustu misserin og má helst rekja til harðvítugra deilna í þjóðfélaginu m.a. milli stjórnmálamanna og viðskiptamanna. Bláa- og fréttamenn eru vissulega ekki hafnir yfir gagnrýni en þegar gagnrýni fylgja engar útskýringar eða rökstuðningur hljótum við að afgreiða hana sem hreinar dylgjur.

Markmið blaða- og fréttamanna er m.a. að miðla; segja frá og upplýsa. Þeir eiga að hafa það að leiðarljósi í störfum sínum. Þeir bera fyrst og síðast ábyrgð gagnvart lesendum sínum, hlustendum eða áhorfendum – en ekki eigendum, auglýsendum, stjórnmálamönnum eða öðrum hagsmunahópum.

Samkeppni er mikil milli fjölmiðla, sem er gott, og kemur fram í ákveðinni keppni milli blaða- og fréttamanna; samkeppni um m.a. fréttir og athygli lesenda. Sú samkeppni má þó ekki verða til þess að við tökum þátt í þeim dillkadrætti, sem stundum á sér stað úti í þjóðfélaginu; við eigum að standa saman, eins og frekast er unnt; og taka þátt í og stuðla að faglegri og opinskárru umræðu innan stéttarinnar, án þess að falla í skotgrafirnar. Þannig verðum við enn betri.

Arna Schram

„Lítum á alla okkar starfsmenn sem fréttamenn“

– segir Róbert Marshall, forstöðumaður nýrrar fréttasjónvarpsstöðvar 365 miðla

Ein róttækasta nýjungin í íslenskum fjölmiðlaheimi þessi misserin er án efa hin nýja sjónvarpsfréttastöð 365 miðla, sem eingöngu á að sinna fréttum og dægurmálum og er að fara í loftið þessa dagana. Fréttastofa Stöðvar 2 verður meðal annars lögð inn í þúkkið og mun þessi Nýja fréttastofa – NFS, sjá Stöð 2 fyrir fréttum. Róbert Marshall, fyrrum formaður Blaðamannafélagsins og fréttamaður á Stöð 2 er forstöðumaður fréttasviðs hinnar nýju sjónvarpsstöðvar og hefur undanfarnar vikur og mánuði unnið hörðum höndum við undirbúning hennar og getur svarað ýmsum spurningum um blaðamenskuna og hugmyndafræðina að baki þessari nýjung. Róbert var fyrst spurður um aðbúnað og umgjörð starfseminnar.

„Stöðin sendir út frá efri hæðinni í Skaftahlíð 24, gamla Tónabæ eða Líðó, eftir því á hvaða aldri menn eru. Þar höfum við síðustu vikur og mánuði undirbúið myndver og vinnslurými, sem er sérstaklega að þörfum jafn öflugrar fréttapjónustu og við ætlum að veita. Þarna verður NFS – Nýja fréttastofan til húsa en hún byggir á traustum grunni fréttastofu Stöðvar 2 til tæpra 20 ára. Húsnæði Stöðvar 2 hefur að mörgu leyti verið mjög óheppilegt fyrir hraða fréttavinnslu og með flutningnum er bætt verulega úr. Á Lynghálslinum hafa menn búið við það að klipping fréttanna fer fram á annarri hæð en fréttastofan er á, útsendingin er í annarri götu og

grafikvinnslan nánast í öðru póstrúmeri, þannig að með þessu er öll vinnslan gerð mun auðveldari. Auk þess sem notast verður við nýjustu tækni í framleiðslu og útsendingu fréttanna.“

– *Hve langur verður daglegur útsendingartími og munuð þið skipuleggja dagskrána?*

„Við munum senda út í sextán klukkutíma á dag. Fréttir, fróðleik og þjóðmálaumræðu. Dagskráin samanstendur af spjallþáttum í bland við ítarlega fréttatíma á heila og hálfá tímum. Aukinheldur munum við svo hér eftir sem hingað til senda út digran og innihaldsríkan fréttapátt klukkan hálf sjö á hverju kvöldi. Þarna verða innlendir og erlendir fréttaskýringarþættir. Við kynnum til sögunnar fréttaskýringarþáttinn Kompás, í umsjón Jóhannesar Kr. Kristjánssonar og verður vikulega á sunnudagskvöldum. Af erlendum fréttaskýringarþáttum má nefna „60 minutes“ og „48 hours“, auk vandaðra fréttapátta frá PBS sem heita „Frontline“.“

– *Verður mikil sérhæfing starfsmanna og skýr deildaskipting – verður t.d. fastur maður í þinginu og stúdió þar? Hvað með sérstaka fréttapætti fyrir markhópa s.s. aldraða, fatlaða eða íþróttáhugamenn?*

„Það vinna hátt í nítíu manns hjá NFS. Breytingin sem nú hefur verið framkvæmd á Stöð 2 felur í sér að tækni-

fólk, sem áður tilheyrði framleiðsludeild fyrirtækisins og kom þannig með óbeinum hætti að fréttagerð, heyrir nú undir fréttasviðið, sem gerir það að verkum að við erum komin með deild sem sérhæfir sig algerlega í fréttum, fróðleik og þjóðmálaumræðu. Innan fyrirtækisins er framleitt mikið af afþreyingarefni sem er gott út af fyrir sig. En slíkt efni einangrar, að mínu mati, áhorfendur frá heiminum eins og hann er. NFS er af hinum skól-anum. Við sýnum veröldina eins og hún er. Hvað varðar sérhæfða þætti þá verðum með á sunnudagsmorgnum þáttinn Fréttaljós, sem er spjallþáttur sem helgaður er einum sérstökum málaflökki hverju sinni. Umsjón þess þáttar skiptist á milli fréttamanna. Við komum til með að byggja mikið á beinum útsendingum eins og t.d. frá Alþingi. Á hverjum degi verðum við með beinar útsendingar t.d. af blaðamannafundum og ýmiss konar atburðum.“

– *Hvaða fólk verður að vinna þarna?*

„Við Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri, höfum síðustu mánuði einbeitt okkur að því að draga til stöðvarinnar hæfileikafólk. Sumt af því er nýtt í sjónvarpsvinnslu, en með reynslu úr dagblöðum. Aðrir eru þekktari eins og t.d. Þórir Guðmunds, Þorfinnur Ómars, Þorsteinn Joð, Heimir Már, Svavar Halldórs að ógleymdum Loga Bergmann, svo nokkur nýjustu andlitin séu talin til. Svo er þarna öll fréttastofa



Róbert Marshall í húsa kynnum NFS. Myndin var tekin þegar verið var að undirbúa myndver og vinnslurými í Skaftahlíðinni. (Ljós. Pjetur)

Stöðvar 2 með öllum þeim þungavigtarmönnum sem þar starfa, auk reynsluboltanna á Talstöðinni. Ég fullyrði að þarna sé samankomin einhver mesti fjöldi hæfileikafólks í fjölmiðlum sem um getur, með fullri virðingu fyrir öðrum miðlum.“

– Oft hafa gilt aðrar reglur á ljósvakamiðlum um dagskrárgerðarfólk og fréttamenn. Hver verður fréttastefnan og áherslurnar og munuð þið setja ykkur sérstakar siðareglur?

„Við höfum í hyggju að kynna til sögunnar nýja siðaskrá, sem byggir á þeim grunni sem fréttastofa Stöðvar 2 hefur lagt. Okkar reyndustu menn hafa síðustu mánuði unnið að yfirferð á eldri starfsreglum. Þær vinnureglur sem við mótum okkur eiga jafnt við um fréttamenn og dagskrárgerðarmenn, og raunar alla starfsmenn NFS.

Á NFS starfa vel yfir þrjátíu fréttamenn og rúmlega tuttugu manns í dagskrárgerð, þannig að hlutfall

fréttamanna er nokkru hærra. Hluti fréttamannanna sem hjá okkur starfa er af nýrri kynslóð, áður óþekktir á Íslandi, sem tekur og klippir sínar fréttir sjálf. Við hins vegar litum á alla okkar starfsmenn sem fréttamenn; hvort sem þeir halda á kvikmyndavélum eða klippa fréttir. Hér eru allir að vinna að sama marki: Að bjóða upp á bestu fréttapjónustu sem völ er á.“

– Þetta er óneitanlega langur útsendingartími – munuð þið endurskilgreina fréttapröskuldinn og koma þarna inn með efni sem til þessa hefur ekki komist inn í sjónvarpsfréttatíma. Munuð þið t.d. flytja ýmsar staðbundnar fréttir svo sem að ný rennibraut eða leiktæki hafi komið á leikskóla í Grafarvogi? Verður slíkt kannski á daginn og annað á kvöldin „prime time“?

„Grundvallarreglan sem við höfum sett okkur er að biða ekki með fréttir. Sumar fréttirnar kunna að virðast ómerkilegar í eyrum einhverra, en

hafa mikla þýðingu fyrir aðra. Ný rennibraut á leikskóla í Grafarvogi kann að vera lítið mál; en á bakvið rennibrautina er saga. Hugsanlega barátta leikskólastjóra eða foreldra við kerfið, átök um fjárveitingar eða eitthvað þviumlíkt. Við ætlum að segja þá sögu. Á síðustu vikum höfum við sent út tíu mínútna fréttatíma á hverjum klukkutíma á Talstöðinni og ekki verið í neinum vandræðum með að fylla þá tíma með áhugaverðum og bitastæðum fréttum. Við skiptum þessari vinnslu í tvennt; yfir daginn segum við frá því sem gerist í þjóðfélaginu. Í kvöldfréttum okkar, sem byggja á hefðbundinni fréttavinnslu, verður þess vegna hér eftir lögð meiri áhersla á rannsóknarblaðamennsku, fréttaskýringar og innihaldsríka þjóðfélagsrýni.“

– Hvað með hlutfall auglýsinga – verður eitthvert hámark á hverri klukkustund?

„Auglýsingar eru þrisvar á hverjum klukkutíma að jafnaði og um það bil 2-3 mínútur í hvert sinn. Svona stöðvar vaxa mjög í áhorfi í beinu samhengi við það sem er að gerast á hverjum tíma. Þannig að við eigum von á því að auglýsingar, sem og áhorf, markist að einhverju leyti af því hvað er að gerast. Það er líka sá veruleiki sem við höfum búið við, íslenskir fjölmiðlamenn.“

– *Hvaða stefna er tekin varðandi endurtekningar, verða heilu dagpartarnir endurteknir eða unnin samantekt eða verða ef til vill engar endurtekningar?*

„Við verðum að stórum hluta í endurtekinni dagskrá á nóttunni og endurflytjum að einhverju leyti viðtöl yfir daginn. Það helgast af nauðsynlegum hléum fyrir stærri fréttatíma okkar í hádeginu og klukkan hálf sjö á kvöldin þar sem við þurfum tíma í myndveri til að breyta uppsetningu á settum og öðru slíku. Endurtekningar eru því mjög takmarkaðar í sextán tíma dagskrá okkar frá morgni til miðnættis.“

– *Verða fréttamenn jafnframt að vinna í aðrar fjölmiðlagáttir 365 og er það heppilegt að víxla mönnum svona á milli?*

„Það er gott að fá að svara þessu. Fréttaveita NFS svokallaða sem lýtur stjórn Heimis Más Péturssonar vinnur fréttir á heila og hálfra tímanum yfir daginn og á kvöldin. Hún ber ábyrgð á þeim stóráukna fréttaflytningi, sem

við höfum lagt út í á Talstöðinni og á „Vísir.is“ síðustu vikurnar og hún mun sjá um þessa styttri fréttatíma á NFS, Talstöðinni og Bylgjunni í framtíðinni. Fréttaveitan virkar sem nokkurs konar „Reuters“ fréttþjónusta 365 og það er þannig sem Fréttablaðið og aðrir miðlar 365 nýta sér efni hennar í gegnum „Vísir.is“. Þar með er ekki sagt að verið sé að blanda saman ritstjórnnum innan fyrirtækisins. Fréttaveitan sendir frá sér yfirlit yfir þær fréttir sem hún vinnur og aðrir miðlar geta gert ráð fyrir því í skipulagi sínu að þeir fái þessar fréttir á „Vísir.is“, reyndar á sama tíma og almenningur allur. Fréttablaðið, kvöldfréttahópurinn og dagskrárgerðarmenn okkar geta því miðað sína vinnu við þá þjónustu sem þeir fá frá Fréttaveitunni. Rétt eins og allir íslenskir miðlar sem kaupa þjónustu af Reuters eða AP geta nýtt sér fréttaflytning þessara stofnana. Þar með er ekki sagt að íslensku miðlarnir hafi áhrif á fréttaflytning Reuters eða AP. Þannig erum við sannarlega að fjölga þeim stöðum sem ritstjórnarlegar ákvarðanir eru teknar og nýtum okkur á sama tíma þann kraft sem býr í fyrirtækinu öllu. En þó án þess að eldvarnarhurðir milli ritstjórna séu opnar.“

– *Hvernig verður vinnutími starfsmanna? Er vakt fram eftir kvöldi og svo strax á morgnana?*

„Hvað varðar útsendingartímann þá erum við í loftinu í beinni frá sjö á morgnana til ellefu á kvöldin þannig að við erum að sjálfsögðu með fólk í vaktavinnu frá morgni til miðnættis.“

Auðvitað eru vaktstjórar og tókumenn á bakvöktum þannig að við erum á vaktinni allan sólarhringinn 365 daga ársins.“

– *Fyrirmyndir?*

„Við höfum skoðað það sem verið er að gera í þessum efnunum um allan heim. Margt af því sem við erum að gera höfum við sótt til annarra fréttastöðva, annað höfum við fundið upp sjálf og miðað við íslenskar aðstæður. Okkar stöð er blanda af fréttum, fréttaskýringum og dægurmála-umræðu, sem fyrr segir, til að upplýsa almenning um landið, þjóðina, heiminn eins og hann er. Þetta er séríslensk fréttastöð, sniðin að íslenskum aðstæðum.“

– *Verður landsbyggðinni eitthvað sinnt sérstaklega eða verður þetta höfuðborgarstöð?*

„Við ætlum að sinna öllu landinu. Fréttir gerast ekki bara í Reykjavík.“

– *Og að lokum. Hvar mun stöðin sjást?*

„Við stefnum að því að ná til landsins alls á fyrstu mánuðum stöðvarinnar. Þetta er opin og ókeypis sjónvarpsstöð, þannig að menn þurfa t.d. ekki myndlykla frá 365 til þess að ná henni. En ég mæli með því að fólk geri það. Það má líka segja að stöðin náist um allt land frá og með fyrsta útsendingardegi, þar sem hún er jú send út samtímis á Netinu.“



Hvernig baráttu ESB gegn

hryðjuverkum ógnar blaðamennsku og borgaralegum réttindum



Eftir
Aidan White
framkvæmdastjóra Alþjóða
blaðamannasambandsins

Bæði blaðamenn og ýmis frjáls félagasamtök eru um þessar mundir skotsþónn í baráttu löggjafa Evrópusambandsins (ESB) gegn hryðjuverkum og þessi staða gæti snúist upp í einhverja alvarlegustu ógn við fjölmiðlafrelsi og borgaraleg réttindi, sem Evrópusambandið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir.

Á síðustu vikum hefur Framkvæmdastjórn ESB sent frá sér frumvarp að tilmælum til aðildarríkja um starfsreglur fyrir frjáls félagasamtök, þar á meðal verkalyðsfélög og samtök blaðamanna. Starfsreglurnar munu eiga að þrengja að fjármögnunarmöguleikum hryðjuverkamanna, en margir telja að þær ógni trúverðugleika og sjálfstæði tiltekinna hópa s.s. stéttarfélaganna sem og þeirra, sem eru í forsvari fyrir þeim.

Á sama tíma hefur Framkvæmdastjórnin sent formlegt minnisblað til Evrópuþingsins varðandi atriði sem stuðla að aukinni róttækni og ofbeldisverkum og þar er sérstaklega talað um hlutverk blaðamennsku, ljósvaka-

miðla og Internetsins við að „dreifa áróðri“ og skapa farveg fyrir „skoðanir og sjónarmið hryðjuverkamanna og hryðjuverkasamtaka“.

Í Bretlandi hefur ríkisstjórn Tony Blair, sem er í forsæti Evrópusambandsins um þessar mundir, tilkynnt að „leikreglurnar séu að breytast“ og kom fram með nokkuð óskýrt nýtt frumvarp, þar sem allt er bannað sem „vegsamar hryðjuverkastarfsemi“.

Það er því ekki skrytið að þann 18. október síðastliðinn hafi Evrópusamband blaðamanna og nokkur önnur samtök um borgaraleg réttindi hist í Brussel til að stofnsetja *Samstarfsnet Evrópu um borgaraleg réttindi* (ECLN), samstarfshóp sem hefur einsett sér að sporna gegn þeim hættum sem steðja að borgaralegum réttindum og lýðræði. Tony Bunyan, forstöðumaður Statewatch-samtakanna í London, segir að ef ekki komi til samstillt átak af þessu tagi þá muni „ásjóna frelsis og lýðræðis í Evrópu breytast varanlega“.

En er þetta ekki bara helber hræðsluáróður? Því miður er ekki svo.

Í Evrópusambandinu er nú farið að bera talsvert á ýmsum af verstu einkennum Kalda stríðs tímabilsins. Þegar hefur verið komið á þeirri stefnu, að hafa eftirlit með allri fjar-skriptajónustu og umferð á Internetinu, skylduboðnar skráningar fólks, öryggismöppur og fingrafarataka af öllum Evrópubúum er komin til skjalanna ásamt með umtalsverðu eftirliti og hömlum á ferðum manna.

Borgarar Evrópu munu á næstu mán-

uðum lenda í því að verða skráðir og flokkaðir í gríðarmiklum gagnabönkum, sem notaðir verða af öryggisstofnunum og leynipjónustum sem vilja deila upplýsingum í viðtækri aðgerð gegn hryðjuverkum, sem teygir sig þvert yfir Evrópu og áfram til Bandaríkjanna.

Allt mun þetta auka á áhyggjur manna og hræðslu vítt og breitt um þjóðfélagið, en ekki einskorðast við hættuna af hryðjuverkum.

Óvandaðir stjórnmalamenn næra raunar óróleikann í samfélaginu – ekki síst eftir sprengingarnar í Madrid og London – óróleika sem leiðir til þverrandi umburðarlyndis, aukinna kynþáttafordóma, andúðar á múslimum og Islams-fóbíu. Allt hefur þetta náð að hrista upp í ríkjum þar sem borgaralegt lýðræði stendur föstum fótum, löndum eins og Hollandi, Danmörku, Belgíu, Frakklandi og einnig í ýmsum af hinum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Margt af því sem hér er lýst áhyggjum af var fjallað um í einstökum atriðum í skýrslunni „Journalism, Civil Liberties and the War on Terrorism“, sem gefin var út í samstarfi Statewatch-samtakanna og Alþjóðasambands blaðamanna fyrr á þessu ári. Vandinn er hins vegar að of lítið er í landsmiðlum fjallað um þær miklu breytingar sem nú eru að eiga sér stað og auk þess er nánast engin fjölmiðlaumfjöllun um áhrif og afleiðingar fjölþjóðlegrar samvinnu í öryggismálum.

Engu að síður ættu þessi nýjustu skref innan Evrópusambandsins að opna umræðuna um hætturnar sem steðja að lýðræði og þau ættu að



Aidan White, framkvæmdastjóri Alþjóða blaðamannasambandsins, sést hér flýttja málið á ráðstefnu blaðamanna.

hringja viðvörunarbjöllum í flestum fréttastofum og ritstjórnnum Evrópu.

Frumvarpið að tilmælum Framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna varðandi gegnsæi, og ábyrgð frjálsra félagasamtaka sem komu fram í júlí í sumar, eru ekki endanleg skjöl. Hins vegar verða bæði stéttarfélag og blaðamenn að skoða þessi plögg, því í þeim felst sá möguleiki að setja sjálfstæðum félagasamtökum um alla Evrópu samræmdar reglur, staðla og skilyrði sem þau verða að uppfylla áður en þau geta leitað út til Evrópusambandsins eftir fjárhagslegum stuðningi. Það felst líka í þessum drögum sú hugsun, að þau samtök ein sem uppfylla tilskildar samhæðar evrópskar reglur geti fengið aðgang að hagsmunagæslu í Brussel.

Hugmyndir af þessu tagi eru á sveimi þrátt fyrir að í mörgum Evrópulöndum sé löng hefð fyrir því að stéttarfélag og blaðamenn geti starfað frjálst og án þess að skrá sig sérstaklega hjá einhverri tiltekinni stofnun.

Enginn er á móti skynsamlegri og lýðræðislegri stjórnsýslu og flestar stofnanir okkar hafa skipulag sem miðast við gegnsæi, ábyrgð og innra eftirlit. Það kemur því ekki á óvart að mörg verkalyðsfélög og margir blaðamenn hafa þegar brugðist við og andmælt áformum um evrópskt eftirlits- eða stjórnunarkerfi.

TCO, Alþýðusambandið í Svíþjóð segir að þessar tillögur séu óásættanleg aðför að sjálfstæði samtakanna og muni stórskaða mikinn hluta þróunarverkefna, sem stéttarfélagin hafa unnið að í samstarfi við stéttarfélag og þróunarlöndunum.

Fyrir Alþjóðasamband blaðamanna og fjölmörg blaðamannafélög einstakra landa gætu þessar tillögur sett í uppnám samstarf og stuðning við ýmis stéttarfélag og blaðamenn í Mið-austurlöndum og í Arabaheiminum.

Þá veldur minnisblað Framkvæmdastjórnarinnar frá því í september, um leiðir til að sporna við aukinni róttækni og ofbeldisverkum, ekki síður áhyggjum. Þar er sterklega gefið til kynna að setja eigi bönd á þá blaðamenn sem fjalla um mál sem tengjast hryðjuverkum. Samskipti við fólk sem tengist jaðarsamtökum með pólitísk markmið geta hins vegar verið mikilvægur hluti af vinnubrögðum faglegrar rannsóknarblaðamennsku.

Blaðamenn þurfa að fara víða og jafnvel stundum inn á hættusvæði og þeir þurfa að geta rætt við fólk sem er raunverulegir fulltrúar róttækra uppreisnaráhópa og stjórnsvaldsandstæðinga. Ef við fáum ekki aðgang að þessu fólk verða fréttir okkar einungis hálsagðar.

Gott dæmi er fjölmiðlaumfjöllunin um 30 ára átök á Norður-Írlandi, þar

sem blaðamenn frá bæði mótmælendasamfélaginu og hinu kapólska samfélagi hittu reglulega alls konar aðila sem voru með einhvers konar tengsl við hryðjuverkahópa. Þetta gerðu þeir í þjóðfélagsumhverfi sem sýndi blaðamennsku skilning og umburðarlyndi. Fyrir vikið tókst blaðamönnum að halda faglegri fjarlægð, sem á endanum átti þátt í að skapa stuðning meðal almennings við frið og sáttargjörð.

En í dag er þessi skilningur og þetta umburðarlyndi fyrir blaðamennsku að breytast. Þegar fréttamaðurinn Taysir Allouni hjá sjónvarpsstöðinni al-Jazeera var dæmdur í sjö ára fangelsi í Madrid í október, var hann sagður hafa átt „samvinnu“ við hryðjuverkamenn. En þegar mála-vextir eru skoðaðir, þá munu fjölmargir fjölmiðlamenn segja að þessi blaðamaður – sem tók viðtal við Osama bin Laden eftir árásirnar 11. september – hafi verið fangelsaður fyrir það eitt að gera litlu meira en að vinna vinnuna sína með eðlilegum hætti.

Tillögur frá Framkvæmdastjórn ESB um að sveigja hlutverk fjölmiðla undir herstjórnaráætlanir hennar í baráttunni gegn hryðjuverkum styðja grunsemdir margra um að stjórnmalamenn vilji í raun geta stjórnað og ráðskast með hvernig blaðamennska er ástunduð. Þessi áform Framkvæmdastjórnarinnar ættu að vera áhyggjuefni öllum þeim sem vilja standa vörð um ritstjórnarlegt sjálfstæði og þá grundvallarreglu að siðleg fjölmiðlavinnubrögð eigi að vera viðfangsefni blaðamanna sjálfra.

Í ljósi þessara nýju ógna er brýnt að blaðamannafélög í einstökum löndum og alþjóðasamtök blaðamanna svari stjórnmalamönnum með kröfu um að grundvallaratriði fjölmiðlafrelsis og borgaralegra réttinda standi óhögguð. Það á að benda stjórnmalamönnum á, hvort heldur það er í Brussel eða annars staðar, að það sé fyrir bestu að þeir skipti sér ekki að því hvernig unnið er inni á fréttastofum.

Þessi grein var send til aðildarfélaga Evrópusambands blaðamanna með ósk um birtingu í sem flestum aðildarríkjum, enda málið mikilvægt.

Alvarlegt brot hjá DV

Mál nr. 1/2005-2006

Kærandi:

Theódór Skúli Sigurðsson

Kærðu:

Ritstjórn DV

Kæruefni:

Nafn- og myndbirting í fréttum um hermannaþvígð

Kæran barst siðanefnd í bréfi dags. 1. júní 2005. Með henni fylgdi umboð þar sem sá sem fréttin fjallaði um veitir kæranda fullt umboð til að annast sín mál vegna umfjöllunar DV. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 13. júní, 15. og 18. ágúst. Sjónarmið ritstjórnar DV bárust í bréfi dags. 27. júní 2005. Vegna sumarleyfa siðanefndarmanna tafðist afgreiðsla málsins.

Málavextir

26. maí 2005 birtist forsiðufrétt í DV þar sem sagt var frá því að starfsmaður Landspítala væri á gjörgæslu vegna hermannaþvígðar sem hann hefði veikt af á Ítalíu. Birt var mynd af honum bæði á forsiðu og inni í blaðinu þar sem einnig var birt nafn hans og konu hans. Fleiri fréttir af veikindunum fylgdu í kjölfarið næstu daga. 27. maí var birt mynd af forsiðunni frá deginum áður og 30. maí var enn birt mynd af sjúklingnum og nafn hans.

Sonur mannsins kærði þessa umfjöllun til siðanefndar hinn 1. júní sem brot á 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Í kærinni sagði að sjúklingurinn væri enn þungt haldinn, í öndunarvél og ekki úr lífshættu.

Um svipað leyti kom upp faraldur hermannaþvígðar í Noregi sem mikið var fjallað um í fjölmiðlum. Kærandi segir því aðeins hafa verið tímaspursmál hvenær fjallað yrði um mál föður síns í fjölmiðlum, enda hafi svo farið. Fjölmiðlar hafi farið vel með málið, að DV undanteknu.

Kærandi segir að blaðamaður DV hafi hringt í móður sína eftir að hafa fengið „fréttaskot“ með nöfnum foreldra sinna. Henni hafi orðið mjög brugðið en ekki tjáð sig um málið. Síðan hafi veikindum föður síns verið slegið upp sem æsifrétt á forsiðu DV og nöfn foreldranna verið birt í heimildarleysi ásamt mynd. Ýjað hafi verið að því að sjúklingurinn hafi veikt innan veggja Landspítalans, við vinnu sína. Þó starfi hann sem skrifstofumaður í sérstakri stjórnsýslubýggingu. Engir sjúklingar hafi því verið útsettir fyrir hermannaþvígð hans.

Fram kemur að reynt hafi verið að ná í Jónas Kristjánsson ritstjóra DV en ekki tekist. Í leiðara ritstjórans 28. maí hafi verið minnst á mál föður kæranda og þar hafi nafn- og myndbirting verið sögð í almannapágu og túlkar kæranda það þannig að klár ásetningur hafi legið að baki. Í kærinni kemur jafnframt fram að forstjóri Landspítalans hafi gert alvarlega athugasemd við málið á heimasíðu spítalans sem birt hafi verið í Morgunblaðinu og Blaðinu og að auki hafi kærandi mótmælt umfjöllun DV í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins laugardaginn 28. maí. Sama dag og fyrsta fréttin birtist sendi landlæknir ritstjóra DV bréf þar sem segir að það sé mjög miður að veist skuli vera að sjúklingum á þennan hátt og vonast til blaðið sýni vandamálum þeirra meiri og dýpri skilning í framtíðinni.

Kærandi segir að með þessari um-

fjöllun hafi Dagblaðið haft sorg fjölskyldu sinnar að féþúfu og um leið aukið mjög á þjáningar fjölskyldunnar sem fyrir hafi átt um sárt að binda. Nafn- og myndbirtingin hafi ekkert haft með almannahagsmuni að gera.

Í svari Einars Þórs Sveinssonar hdl. fyrir hönd ritstjórnar DV kemur fram sú krafa að málinu verði vísað frá siðanefnd á grundvelli þess að málið sé ekki reifað með nægjanlega skýrum hætti en til vara að siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um brot á siðareglum BÍ að ræða.

Krafan um frávisun byggir á því að auk þess sem málið sé ekki nægilega vel reifað, liggja ekki fyrir afstaða þess manns sem mynd og nafn birtist af og fréttin fjallaði um. Eðli málsins samkvæmt sé enginn annar þess megnugur að taka afstöðu til þess hvort slík birting feli í sér brot gagnvart sér. Sú aðild sem lögð sé til grundvallar í 6. gr. siðareglna sé því ekki fyrir hendi. Þá er bent á að í kærinni sé umfjöllun DV talin brjóta gegn stjórnarskrárbundnum rétti um friðhelgi einkalífsins. Það sé ekki hlutverk siðanefndar BÍ að fjalla um það hvort stjórnarskrá lýðveldisins eða reglur um persónuvernd hafi verið brotnar. Loks er það talið tilefni til frávisunar að ekki hafi verið leitað leiðréttingar hjá DV, en í siðareglunum er gerð krafa um að það sé gert áður en kært er.

Varðandi varakröfuna segir í svari kærðu að það sé stefna DV að birta nafn og mynd sem hluta fréttar. Það sé gert í samræmi við alþjóðlegar venjur á sviði prentmiðla og í samræmi við nýsettar siðareglur DV. Að mati ritstjórnar DV eru slíkar upplýsingar frumskilyrði fréttar fjölmiðla í upplýstu samfélagi. Í þessu máli hafi hagað svo til að umræddur sjúklingur sé starfsmaður Landspítala. Eðlilega

hafi vinnustaður mannsins verið frétt sem átti erindi við almenning í landinu enda hafi allt eins getað verið að hermannaheiki hefði tekið sér bólfestu í byggingum sjúkrahússins. Því sé mót-mælt að það hafi legið fyrir í upphafi að slíku hafi ekki verið til að dreifa. Þegar svo hátti til sé það skylda fjölmiðils að greina rétt og nákvæmt frá staðreyndum, meðal annars með nafni og mynd. Það sé til þess fallið að hindra útbreiðslu kviksagna og rangfærslna í samfélaginu.

Þá segir að ekki hafi verið sýnt fram á neitt sem bendi til þess að 3. gr. siðareglanna hafi verið brotin. Rétt hafi verið farið með nafn mannsins og rétt mynd birt. Framsetningin hafi verið í eðlilegu samræmi við stefnu ritstjórnar DV varðandi nafn- og myndbirtingar. Viðkomandi einstaklingi hafi verið sýnd full virðing í sinni alvarlegu sjúðómslegu.

DV telur sig hafa sýnt viðkomandi einstaklingi skilning og nærgætni í allri sinni umfjöllun. Sum veikindi séu hins vegar þess eðlis að fréttir af þeim

og því hverjir hafi fengið ákveðna sjúkdóma séu eðlilegar.

Umfjöllun

Siðanefnd telur kæranda eiga aðild að máli þessu sem náinn ættingi og þar með einn þeirra sem málið snertir, auk þess sem hann hefur umboð sjúklingsins til að kæra það. Nefndin telur koma skýrt fram í kærinni að hún beinist að nafn- og myndbirtingu og að ekki sé ástæða til að krefjast þess að óskað hafi verið leiðréttingar. Ekki verður séð hvernig hægt sé að leiðrétta nafn- og myndbirtingar. Ekki verður því orðið við kröfu kærðu um frávisun.

Siðanefnd telur að meginatriði þessa máls sé það að nafn sjúklings hafi verið birt í heimildarleysi ásamt mynd af honum. Málavextir benda ekki til að neina nauðsyn hafi borið til að almenningur vissi hver sjúklingurinn væri né hvernig hann liti út.

3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands kveður skýrt á um að

blaðamaður skuli forðast allt það sem geti valdið saklausu fólki, eða fólki sem eigi um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu. Á það jafnt við um texta og myndir. Siðanefnd telur einsýnt að þess hafi ekki verið gætt í þessu máli. Með efnistöfum sínum mátti ritstjórn DV vita að aukið væri á þjáningar sjúklingsins og aðstandenda hans. Almennu telur siðanefnd að gæta þurfi sérstakrar varkárni í umfjöllun um sjúklinga og að virða beri einkalíf þeirra.

Úrskurður

Ritstjórn DV telst hafa brotið gegn 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er mjög alvarlegt.

Reykjavík 18. ágúst 2005

*Hjörtur Gíslason;
Brynhildur Ólafsdóttir;
Jóhannes Tómasson;
Salvör Nordal;
Sigurveig Jónsdóttir*

Ekki brot há Stöð 2

Mál nr. 2/2005-2006

Kærendur:

Gestur Þorgeirsson og Sólveig Jónsdóttir f.h. sonar síns Jóns Gunnlaugs Gestssonar.

Kærði:

Stöð 2

Kæruefni:

Myndbirting með frétt um slagsmál við Hverfisgötu

Mál þetta var kært með bréfi 15. júní 2005. 12. júlí var óskað eftir frekari

upplýsingum frá kærendum og bárust þær 2. ágúst. Sjónarmið Stöðvar 2 bárust 9. ágúst. Siðanefnd fjallaði um málið á þremur fundum 15. og 18. ágúst og 14. september.

Málavextir

Í kærinni kemur fram að Jón Gunnlaugur sé í hópi 15-20 ungra manna úr Fossvogs- og Bústaðahverfinu sem hafa þekkt frá því í grunnskóla. Hópurinn gangi undir nafninu Fazmo og haldi úti heima/bloggsíðu þar sem m.a. má finna myndir af félögum hópsins við mismunandi tækifæri. Þann 19. apríl sl. var frétt á Stöð 2 þar sem greint var frá átökum sem urðu fyrir utan skemmtistað á Hverfisgötu.

Einn þeirra sem lenti í átökunum fjallaði um þau á bloggsíðu Fazmo og birti Stöð 2 mynd af síðunni með frétt sinni af átökunum. Á umræddri vefsíðu má sjá mynd af nokkrum félögum hópsins þar á meðal af Jóni Gunnlaugi. Í kærinni segir að Jón Gunnlaugur hafi ekki verið nálægur þegar fyrrgreind átök áttu sér stað og hann sé því að ósekju bendlaður við slagsmálin. Telja kærendur að með þessu hafi mátt álykta að hann væri höfuðþaur í ofbeldisklíku. Þetta hafi valdið honum margvíslegum óþægindum og verið meiðandi. Kærendur leituðu strax til Stöðvar 2, kvörtuðu yfir myndbirtingunni og óskuðu eftir því að ef til frekari umfjöllunar kæmi yrði sagt að þeir sem voru á fyrr-

greindri mynd tengdust ekki málinu. Fréttin hafi þrátt fyrir þetta verið áfram óbreytt á visir.is.

Í svari Þórs Jónsson f.h. fréttastofu Stöðvar 2 kemur fram að myndbirtingin hafi verið óheppileg, beðist hafi verið afsökunar á henni og því heitið að myndin yrði ekki notuð. Hann segist hafa rætt við Jón Gunnlaug og foreldra hans um fréttina. Í samtali við Jón Gunnlaug hafi komið fram að hann teldi það gera illt verra að vekja frekari athygli á honum í sambandi við málið. Gerði hann því ekki kröfu um sérstaka leiðréttingu. Faðir hans hafi verið á sama máli, en móðir hans vildi hins vegar að ef Stöð 2 ætlaði að fjalla meira um málið yrði tekið fram að sá sem greindist á myndinni með hinni umdeildu frétt ætti ekki aðild að átökunum. Þór segir að Stöð 2 hafi staðið við samkomulagið og ekki hafi verið fjallað frekar um málið. Um birtingu

fréttarinnar á visir.is vísar Þór á ritstjórn þeirrar síðu.

Umfjöllun

Myndskeiðið sem sýnir Jón Gunnlaug er mjög stutt, varla lengra en 2 sekúndur. Myndin er tekin af heimasíðu Fazmo-hópsins þar sem finna má frásögn eins úr hópnunum um umrædd slagsmál. Þessi heimasíða er opinber og getur kærandi átt von á því að þeir sem skoði síðuna tengi saman texta og myndir. Síðanefnd er sammála því mati Þórs Jónssonar að myndbirtingin hafi verið óheppileg þar sem hún tengdist ekki þeim átökum sem til umræðu voru. Þór segir að beðist hafi verið afsökunar á myndbirtingunni og því heitið að hún yrði ekki notuð aftur. Síðanefnd telur það nægja.

Kærendur kvarta einnig yfir að fréttina hafi verið að finna á visir.is um

nokkurt skeið eftir umrædda birtingu á Stöð 2. Sem kunnugt er birtast fréttatímar Stöðvar 2 sjálfkrafa á visir.is. Síðanefnd bendir á að þegar svo háttar til verði sá sem ber ábyrgð á frétt að sjá til þess að leiðrétting sé einnig gerð á þeim vettvangi. Það voru mistök hjá fréttastofu Stöðvar 2 að fylgja málinu ekki eftir á visir.is.

Úrskurður:

Fréttastofa Stöðvar 2 telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 14. september 2005

*Kristinn Hallgrímsson;
Jóhannes Tómasson;
Salvör Nordal;
Sigurveig Jónsdóttir;
Stefán Eggertsson*

Ámælisvert brot hjá DV

Mál nr. 3 2005/2006

Kærandi:

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn.

Kærði:

DV.

Kæruefni:

Kærð er umfjöllun í DV 20. júní 2005 um kæranda, bæði á forsiðu blaðsins og bls. 8, þar sem sagt er frá syni kæranda, sem mun starfa sem afleysingarlögregluamaður í Grundarfirði, og fullyrt að hann hafi reynt að kyrkja hjartveikt gamalmenni. Kærandi telur umfjöllun um sig í tengslum við þetta mál andstæða siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Málið er kært með bréfi dags. 22. júní 2005.

Kærunni fylgja ljósrit af umfjöllun DV framangreindan dag, tölvupóstur kæranda til ristjóra DV dags. 20. júní 2005, þar sem krafist er afsökunar á mistökum við vinnslu efnisins, auk svarpósts Jónasar Kristjánssonar ritstjóra DV dags. 21. júní 2005. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 18. ágúst 2005. Formleg andmæli lögmanns kærða, Einars Þórs Sverrissonar hdl., dags. 13. júlí 2005, liggja fyrir.

Málavextir og málsástæður aðila:

Í kæru segir kærandi „afar erfitt að sætta“ sig við „umfjöllun blaðsins ... á forsiðu ... og í grein á bls. 8 í sama blaði“. Á forsiðu er mynd af honum í einkennisfatnaði lögreglu undir fyrirsögnunum: „Sonur Geirs Jóns yfirlögregluþjóns er kominn í löregluna:

Reyndi að kyrkja hjartveikt gamalmenni: Hinn hjartveiki Guðmundur Jóhannsson var hætt kominn eftir viðskipti sín við afleysingalögguna Þóri Rúnar Geirsson á Grundarfirði. Þórir Rúnar, sem er sonur Geirs Jóns Þórissonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, reyndi að kyrkja gamla manninn sem þurfti sprengitöflu eftir öll lætin.“ Á bls. 8 í sama blaði er 4ra dálka aðalýrirsögn: „Sonur yfirlögregluþjóns reyndi að kyrkja hjartveikt gamalmenni.“

Í kæru segir kærandi að með umfjölluninni og áberandi myndbirtingu af honum sem föður umrædds afleysingalögreglumanns sé verið að tengja hann alvarlegum atburði, ef marka megi frásögn blaðsins, einvörðungu á þeirri forsendu að hann sé faðir lögreglumannsins. Telur kærandi að með þessari uppsetningu á fréttinni „sé verið að gera hana meira krassandi og ekki sist blaðið seljanlegra með því

að tengja undirritaðan við hana, þar sem undirritaður er vel þekktur af alþjóð af störfum sínum sem yfirlög-reglupjónn í Reykjavík. Ég tel mig hljóta verulegan skaða af svona umfjöllun, sem yfirmaður lögreglunnar í Reykjavík," segir í kæru.

Með tölvupósti dags. 20. júní 2005 krafðist kærandi þess að kærði leiðrétti mistök sín með umfjölluninni, sem hann taldi andstæða eðlilegum siðareglum.

Í svarpósti Jónasar Kristjánssonar, dags. 21. júní 2005, segir að kærandi verði að sætta sig við að vera orðin „opinber persóna“. „Þú ert þekktasti lögreglumaður á landinu, hvort sem þér líkar betur eða verr, persónugervingur löggæzlu á Íslandi“. „Ef sonur þinn lendir í hremmingum út af ágreiningi um, hvernig staðið hafi verið að afskiptum lögreglunnar á Snæfellsnesi, er mjög eðlilegt, að fjölmiðill bendi á tengsl hans við frægasta lögreglu-mann landsins. Í texta og myndum.“

Í andmælum lögmanns DV, Einars Þórs Sverrissonar hdl., er þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá vegna vanreifunar, þar sem ekki komi fram í kæru gegn hvaða grein siðareglna meint brot beinist, en til vara að

komist verði að þeirri niðurstöðu að brot hafi ekki verið framið í skrifum og framsetningu DV á siðareglum Blaðamannafélags Íslands í umræddri blaðgrein. Í andmælunum er lögð áhersla á að umfjöllunin sé efnislega rétt og ekki á neinn hallað í henni.

Umfjöllun:

Siðanefnd telur ekki nægjanlegar forsendur til að vísa kærinni frá sökum vanreifunnar, enda getur kæran aðeins átt við 3. gr. siðareglna BÍ.

Í 3. gr. siðareglna BÍ segir að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu eins og kostur er og sýni „fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

Siðanefnd er sammála ritstjóra DV um að kærandi sé orðinn „opinber persóna“ í skilningi laga vegna starfa sinna fyrir lögregluna og verði því að sæta ítarlegri umfjöllun um sína persónu en almennir borgarar. Hins vegar er það mat siðanefndar, að fyrirsagnagerð og myndbirtingar af kæranda í DV 20. júní 2005, í tengslum við frétt af lögreglustörfum sonar

hans, hafi ekki borið vitni um þá tillitssemi sem blaðamönnum er uppálagt að sýna samkv. 3. siðareglna BÍ, þrátt fyrir að fella megi persónu kæranda undir flokk „opinberra persóna“. Ekki hafi verið óeðlilegt að geta blóðtengsla þeirra feðga í fréttinni. Hins vegar hafi þau tengsl verið gerð að einu aðalatriði umfjöllunarinnar, þannig að hætta hafi verið á að lesendur blaðsins teldu kæranda tengjast fréttinni með alvarlegri hætti en raun var á, sérstaklega vegna ítrekaðra myndbirtinga af kæranda. Af þessari ástæðu hafi umfjöllunin í heild sinni valdið kæranda óþarfa sársauka og vanvirðu og feli í sér ámælisvert brot á 3. gr. siðareglna BÍ.

Úrskurður:

Hin kærða háttsemi felur í sér ámælisvert brot á 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 18. ágúst 2005.


*Kristinn Hallgrímsson;
Brynhildur Ólafsdóttir;
Hjörtur Gíslason;
Salvör Nordal;
Sigurveig Jónsdóttir*



MÁLFAARSHORN

löulega ruglast blaðamenn á merkingu talna þegar verið er að þýða eða staðfæra stærðir frá einu landi til annars. Slíkt er ekki óeðlilegt þar sem tvö kerfi eru í notkun þegar kemur að heiti talna eða stærða. Annars vegar er það „bandaríska“ kerfið sem er aðallega notað í Bandaríkjunum, Kanada og Frakklandi, og hins vegar „evrópska“ kerfið. Á Íslandi er notað evrópska kerfið. Í báðum kerfunum er stórum tölum gefin nöfn eftir latneskum heitum á tölum, að viðbættri endingunni (i)lljón. Hins vegar er misjafnt hvernig latnesku tölurnar eru notaðar í viðmiðunum í kerfunum og því merkja sömu töluorðin (sama viðmiðunartala + (i)lljón) mismunandi stærðir. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu stærðir:

Bandaríska Kerfið (ensk heiti)	Evrópska Kerfið (íslensk heiti)	Stærð	Forskeyti (ensk heiti)
Thousand	Þúsund	10 ³	Kilo
Million	Milljón	10 ⁶	Mega
Billion	Milljarður	10 ⁹	Giga
Trillion	Billjón	10 ¹²	Tera
Quadrillion	Billjarður	10 ¹⁵	Peta
Quintillion	Trilljón	10 ¹⁸	Exa
Sextillion	Trilljarður	10 ²¹	Zetta
Septillion	Kvadrilljón	10 ²⁴	Yotta
Octillion	Kvadrilljarður	10 ²⁷	-
Nonillion	Kvintilljón	10 ³⁰	-
Decillion	Kvintilljarður	10 ³³	-
.	.		
.	.		
.	.		
Centillion	Sentilljón	10 ³⁰³ 10 ⁶⁰⁰	



Munið Styrktarsjóð B.Í.

Styrktarsjóður Blaðamannafélagsins á að hjálpa félagsmönnum að mæta óvæntum áföllum með fjárhagslegri aðstoð. Mikilvægt er að félagsmenn kynni sér reglur um sjóðinn.

Meðal þess sem sjóðurinn aðstoðar vegna er:

Laun í veikindum:

Tryggð eru kjarasamningsbundin laun í allt að eitt ár í alvarlegum veikinda- og slysatilfellum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 90 þúsund kr. og að hámarki 180 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands er greidd að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 18 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkraþjálfun og –nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 30 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2005 nemur styrkfjárhæð 300 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greidd eru 35% kostnaðar vegna tæknifrjógvana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. kr. á ári samkvæmt nánari reglum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna sjónglerja og heyrnartækja samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 40 þús. á 36 mán. fresti.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Heilsuhæli:

Greiddur er helmingur kostnaður, þó ekki meira en 50 þús. kr. á ári vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum samkvæmt nánari reglum.

Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 15 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 18 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, www.press.is